



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um ráðherra, Skagafjörð og virkjanir. **13**



LÍFIÐ Klaus ætlar að kenna Íslendingum að meta alvöru pulsar, eða pylsur. **26**



SPORT Íslenska U-19 ára landsliðið fer með gott veganesti á HM í Rússlandi. **42**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

6. júlí 2015
156. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Tíu þúsund tæki


Íslenska fyrirtækið Nox Medical afrekaði það í mánuðinum að selja tíuþúsundasta svefntækið. Fyrirtækið hefur tífaldað veltu sína á undanföllum árum og eru starfsmenn fyrirtækisins orðnir 40 talsins. **2**



Lífaldur ákvarðar laun

Fjöldi kjarasamninga inniheldur ákvæði um að laun skuli ráðast eftir lífaldri. Formaður Landssambands æskulýðsfélaga segir um aldursmismunun að ræða. **6**

Frumvarpið snýr aftur Vilhjálmur Árnason mun aftur leggja fram frumvarp sitt um frjálsa sölu áfengis í haust. **8**



2 SÉRBLÖÐ Fasteignir | Fólk



GRÖN BALANCE
Hafðu það grænt og njóttu lífsins
Grøn Balance festi í Krónunni!
KRÖNAN



NIÐURSTÖÐU FAGNAÐ Grikkir höfnuðu skilyrðum lánardrottna fyrir frekari fjárveitingum til Grikklands í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær. Nei-sinnar söfnuðust saman fyrir utan gríska þinghúsið í Aþenu til að fagna niðurstöðunni. Óljóst er hver næstu skref í viðræðum við lánardrottna verða en laust fé grískra banka er við það að klárast. Niðurstaðan þykir sigur fyrir Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands. **Sjá síðu 8**

Orka HS Orku bundin við álver í Helguvík

HS Orka getur ekki útvegað orku í iðnað á suðvesturhorninu þar sem orka þess er bundin álveri Norðuráls í Helguvík. Ekkert bólar á álverinu. Samningar ganga ekki. Gerðardómur mun enn úrskurða um málið. Orku vantar í uppbyggingu.

VIÐSKIPTI Hendur HS Orku eru fremur bundnar þegar kemur að nýtingu virkjanakosta og sölu raforku vegna ágreinings við Norðurál um orkusölusamning vegna álvers í Helguvík. Málið hefur verið í farvegi gerðardóms í tvígang síðan árið 2010. Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku, segir fyrirtækið vilja vera þátttakanda í orkufrekum verkefnum, en það geti lítið gert í því meðan beðið er niðurstöðu um gildi Helguvíkursamningsins.

„Við viljum að sjálfsgöðu selja orku eins og unnt er, Norðuráli eða öðrum, en staðan er sú að HS Orka gerði samning við Norðurál Helguvík um umtalsvert mikla orku og uppi er ágreiningur um þýðingu hans í dag, nú þegar álverið er hvergi nærri byggt og ekki unnt að afhenda orku þangað,“ segir Ásgeir.

Orkuverð hefur verið tengt álverði og í orkusölusamningnum er ákveðin arðsemiskrafa. Ekki er ljóst hvenær af framkvæmdum Norðuráls í Helguvík verður. Norðurál fór í mál við HS Orku árið 2010 vegna samnings

um orku til álvers í Helguvík, en HS Orka taldi skilyrði samningsins ekki hafa verið uppfyllt. Gerðardómur í Svíþjóð úrskurðaði þannig að samningurinn væri í gildi, en skilyrði hans hefðu ekki verið uppfyllt. Þá var kveðið á um ákveðna arðsemi af orkusölu.

„Síðan þá hefur ekki fundist lausn á málinu,“ segir Ásgeir. Á meðan svo er getur fyrirtækið ekki selt öðrum orku sína nema í mjög litlu magni.“

HS Orka fór í mál við Norðurál í júlí í fyrra til þess að fá skorið úr um gildi samningsins. Niðurstöðu gerðardómsins er að vænta sumarið 2016.

Orkusölusamningurinn snýst um 150 MW af orku. HS Orka



„Við viljum að sjálfsgöðu selja orku eins og unnt er, Norðuráli eða öðrum.“

Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku

vill losna undan samningnum til að nýta orkuna í annað. Ljóst er að á meðan Norðurál og HS Orka deila um samninginn verður ekki af því og nýting orkunnar er því bundin því að Norðurál geti nýtt hana í Helguvík. -kóp

Annar starfsmaður ósáttur: Fleiri íhuga að höfða mál

VINNUMARKAÐUR Annar starfsmaður sem vann hjá Keili íhugar að fara í mál vegna eineltis sem hann telur sig hafa orðið fyrir af hálfu framkvæmdastjórans.

Fréttablaðið sagði frá því á miðvikudaginn að fyrrverandi starfsmanni Keilis hefðu verið greiddar miskabætur vegna eineltis í starfi hjá Keili.

„Það virðast mikil líkindi vera með þessum tveimur málum,“ segir Steinbergur Finnþórgason lögmaður. **vh / sjá síðu 4**

Geta ekki stigið inn í önnur verkefni

Mikið hefur verið rætt um stöðu fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju Thorsil í Helguvík og sólarkísilverksmiðju Silicor Materials á Grundartanga. Eftir að ljóst var að Alþingi mundi ekki samþykkja að færa þrjá virkjanakosti í neðri hluta Þjórsár í nýtingarflokk hafa margir sagt þá uppbyggingu í hættu þar sem Landsvirkjun geti ekki útvegað orku í verkefni.

HS Orka getur ekki stigið inn í slík verkefni varðandi orkunýtingu á meðan deilunni við Norðurál stendur.

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur 250 mg

Actavis

VEÐUR



Útlit er fyrir fremur hægja norðaustlæga átt á landinu og súldarloft með austurströndinni, en þurrviðri inn til landsins. Á vesturhellingnum léttir að öllum líkindum til um og eftir hádegi. Almennt er útlit fyrir 9-15 stiga hita.

SJÁ SÍÐU 16

Stjórn Obama er sökuð um vanhæfni í kjölfar árásar á tölvukerfi bandarískrar ríkisstofnunar: Hillary Clinton sakar Kínverja um þjófnað

BANDARÍKIN Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sakar Kínverja um að stela viðskiptaleyndarmálum og upplýsingum frá opinberum aðilum. BBC greinir frá.

Clinton, sem sækist nú eftir tilnefningu sem forsetaframbjóðandi demókrata, sagði Kínverja „reyna að brjótast inn í allt sem ekki hreyfist í Bandaríkjunum“, á framboðsfundi í New Hampshire. Clinton bætti við að Kínverjar hefðu stolið miklu magni upp-

lýsinga frá verk tökum sem starfa fyrir Bandaríkjaher. Bandaríkjamenn þyrftu því að vera á varðbergi.

Bandarísk stjórnvöld gruna Kínverja um að hafa brotist inn í tölvukerfi Office of Personal Management (OPM), sem sér um starfsmannamál hjá bandaríska ríkinu. Í árásinni hafi upplýsingum um allt að fjórar milljónir opinberra starfsmanna verið stolið. Kínverjar neita allri aðild að málinu.

Frambjóðendur í prófkjöri repúblikana fyrir forsetakosningarnar hafa sagt árásinu á tölvukerfi OPM vera merki um vanhæfni stjórnar Obama Bandaríkjaforseta.

Marco Rubio og Rick Perry hafa talað fyrir því að Bandaríkin beiti stofnanir tengdar árásinu á OPM viðskiptaþvingunum. Mike Huckabee telur hins vegar að Bandaríkin eigi að svara í sömu mynt.



Í FRAMBOÐSSLAG Hillary Clinton heilsar kjósendum á þjóðhátíðardegi Bandaríkjamanna, 4. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÚTREIÐARTÚR Það var brakandi blíða víða um land alla helgina. Ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á nokkra glaða ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu í gær sem nýttu blívíðrið til útreiða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Fjöldi ferðamanna sækir í að komast í reiðtúra í sumar:

Hesturinn hluti af upplifuninni

FERÐAÞJÓNUSTA „Fólk er meira og meira að átta sig á því að það er hluti af íslensku upplifuninni að fara á hestbak á íslenska hestinum,“ segir Begga Rist, eigandi hestaleigunnar Íslenski hesturinn.

Hún segir að sumarið fari ágætlega af stað og töluverð aðsókn sé í að fara í reiðtúr. „Það eru aðallega útlendingar sem koma til okkar en margir Íslendingar líka.“

Veðrið lék við fólk á höfuðborgarsvæðinu og víðar um land um helgina. Það hefur varla dregið úr ánægju þeirra sem skelltu sér í reiðtúr á höfuðborgarsvæðinu um helgina.

Jarðskjálftahrinunni lokið: Viðvörðunargestig í Eldey lækkað

JARÐSKJÁLFTAR Veðurstofa Íslands hefur ákveðið að færa litakóða vegna eldstöðvarinnar við Eldey úr gulu stigi í grænt.

Það þýðir að eldstöðin er virk en engar vísbendingar eru um væntanlegt eldgos.

Ástæða breytingarinnar er að jarðskjálftahrinu sem hófst 30. júní síðastliðinn er að mestu lokið.

Greining á skjálftunum sýnir að skjálftavirkni sé ekki tengd kvikuhreyfingum í efri hluta jarðskorpunnar.

Gisti fangageymslur olvaður: Grunaður um líkamsárás

LÖGREGLUMÁL Karlmaður var handtekinn á heimili í Kópavogi um sexleytið í fyrrakvöld, grunaður um líkamsárás. Að sögn lögreglu var maðurinn mjög olvaður og var hann vistaður í fanga-geymslu yfir nótt.

Þá var á fjórða tímanum í fyrri-nótt tilkynnt um menn sem fóru inn í ólæstar bifreiðir í Grafarholti. Lögregla hafði afskipti af tveimur mönnum á vettvangi. Þeir höfðu ekki náð að stela úr bílunum en reyndust vera með ætluð fíkniefni í vösum sínum.

Selja 10 þúsundasta svefnlækningataekið

Pegar fyrirtækið Flaga var flutt til Bandaríkjanna sat fjöldi vel menntaðra starfsmanna eftir án atvinnu. Sjö þeirra stofnuðu fyrirtækið Nox Medical sem hefur tífaldað veltu sína á örfáum árum. Stærstu markaðir í Bandaríkjunum og Evrópu.

VIÐSKIPTI Íslenska fyrirtækið Nox Medical náði þeim árangri nú í júlí að tíuþúsundasta Nox T3 lækningataekið var afhent í hendur viðskiptavinar. Nox Medical er hátæknifyrirtæki sem framleiðir lækningabúnað til greiningar á svefntruflunum. „Þetta er skilgreint sem lækningavara sem er eingöngu notuð af heilbrigðisstarfsfólki. Hún er notuð til að mæla öndunartruflanir í svefni, eða kæfisvefn, sem er orðinn mikill þáttur í heilbrigðisvísindum,“ segir Pétur Már Halldórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Nox Medical var stofnað árið 2006 á grunni fyrirtækis sem hét Flaga. Helgi Kristbjarnarson læknir stofnaði Flögu rétt rúmum tíu árum fyrir. Þegar bandarískur forstjóri tók við stjórnartaumunum sá hann ekki rekstrargrundvöll fyrir það hér á landi. Það var því flutt til Denver í Colorado. Stór hluti þeirra sem unnu hjá Flögu hér missti vinnuna og úr varð að sjö úr þessum hópi stofnuðu Nox Medical. Starfsmenn fyrirtækisins eru nú orðnir 40.

Seint á árinu 2008 fór fyrirtækið svo að selja fyrstu vörurnar. Á árunum 2009 til og með ársins 2011 voru tekurnar um 150 milljónir íslenskra króna en í dag eru þær komnir upp í 1,5 milljarða. „Það sem kannski er óvanalegt við fyrirtæki af þessari stærð er að þetta fyrirtæki er rekið með hagnaði frá fyrsta ári í tekjusköpun,“ segir Pétur. Það er mat stjórnenda félagsins að svefn um 2,5 milljóna manna, um



MÆLINGAR Tugir milljóna manna þjást af svefnleysi um heim allan. Ódýrara er fyrir heilbrigðisstofnanir að greina svefntruflanir í heimahúsum.

allan heim, hafi verið rannsaður með þessum íslenska búnaði. Öll sala félagsins fer fram erlendis í gegnum erlenda samstarfsaðila og eru stærstu markaðirnir í Bandaríkjunum og Evrópu. „Bandaríkin ein og sér eru náttúrliga stærsti markaðurinn. Þar hefur orðið mikil breyting frá því að svefnmælingarnar voru gerðar að langmestu leyti inni á sjúkrahúsum,“ segir Pétur en bætir því við að með tilkomu tækni, eins og Nox T3 tækisins, fari mælingarnar fram í heimahúsum í auknum mæli. „Stærstu markaðirnir í Evrópu eru Þýskaland og Frakkland,“



Það sem kannski er óvanalegt við fyrirtæki af þessari stærð er að þetta fyrirtæki er rekið með hagnaði frá fyrsta ári í tekjusköpun.

Pétur M. Halldórsson, framkvæmdastjóri Nox Medical

bætir Pétur við en segir að einnig séu að opnast markaðir í Kína og Japan. jonhakon@frettabladid.is

Frjóofnæmi eða sumarkvef?

Stundum reynist erfitt að greina milli frjóofnæmis og sumarkvefs

Hentar ófrískum konum og konum með barn á brjósti

VERKAR INNAN 15 MÍNÚTNA

Langverkandi

OFNÆMISLYF Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Livostin® verkar innan 15 mínútna

Livostin® (levokabastin); nefuði, dreifa 50 mikrógramm og augndropar, dreifa 0,5 mg/ml. Livostin er notað gegn ofnæmsnefþögu og ónæmistárþögu. **Skammtun:** Nefuði: 2 úðaskammtar í hvora nös tvisvar á dag. Haldla skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort augu 2 sinnum á dag. Gæta má skammtinn allt að 4 sinnum á dag sé þörf á. Haldla skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnum. **Varnaðarorð:** Gæta skal varúðar við notkun Livostin nefuða hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Livostin nefuðinn inniheldur rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð og própíleglýkól sem geta valdið eringu í húð. Benzalkoníumklóríð í augndropunum getur valdið eringu, blettiglaðruvillu og/öða eitrunarglaðruvillu með sárum auk þess getur það misliðað mjúkar augnlínsur svo varast skal að augndroparnir komist í snertingu við þær. Fjarlægjið augnlínsur fyrir notkun augndropanna og bíðið í 15 mín. áður en þær eru settar í á ný. **Meðgangi og brjóstgjöf:** Livostin má nota á meðgöngu og við brjóstgjöf. **Áhrif á akstur og notkunar véla:** Gæta skal varúðar við akstur og notkunar véla eftir notkun Livostin augndropa. Aukaverkanir geta haft áhrif á sjón, s.s. augnerfni, verkur, bólgur, kláði, roði eða sviði í augum, tárarefni og þokusýn. Gæta skal varúðar ef sjýlja kemur fram. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vístor hf., sími: 535-7000. IS10/2014/05-1

Fjöldi fólks lagði leið sína á bæjarhátíðir sem haldnar voru víða um land: Íslendingar til sóma um helgina

SAMFÉLAGSMÁL „Við vorum á fundi með lögreglunni alla helgina og þeir sögðu að þeir hefðu aldrei upplifað jafn friðsæla Írska daga,“ segir Hallgrímur Ólafsson, skipuleggjandi Írskra daga á Akranesi. Hann segir hátíðina hafa gengið vel fyrir sig og að ölvun hafi ekki verið of mikil. „Þetta fór allt saman fram með miklum sóma.“

Að sögn lögreglunnar á Norðurlandi var einnig allt til sóma á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði þrátt fyrir að margt væri um manninn. Á vef lögreglunnar kemur fram að lögregla hafi stöðvað fjölda bíla á Suðurnesjum til að sinna eftirliti með ölvunarakstri á sama tíma og tónlistarhátíðin ATP var haldin á Ásbrú. Svo reyndist að enginn ökumaður hafði neitt áfengis fyrir akstur.



GÓÐ SKEMMTUN ATP-hátíðin fór fram á Ásbrú um helgina FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, segir að heilt á litið hafi Goslokahátíð í Vestmannaeyjum heppnast afar vel. „Hátíðin fór bara mjög vel fram.“

Það voru fjölmargir mættir og veðrið hefur ábyggilega hjálpað mikið til. Það var eitthvað um ölvun en ekkert sem kom til kasta lögreglu.“



Way of Life!

GOLFKERRURNAR OG GOLFARARNIR!

ALLT KEMST FYRIR!

S.CROSS

VERÐ KR.

4.780.000



Suzuki

S-CROSS er öflugur, fjórhjóladrifinn snillingur með ríkulegan staðalbúnað. Meðaleyðsla er aðeins 5,7 l/100 km sjálfskiptur.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

ALLGRIP

All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokk. Komdu og prófaðu. Þú kemst alla leið!



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

SPURNING DAGSINS



Viktória, voru námslánið eftir allt bara ólán í láni?

„Já, eiginlega, lánið voru eins og Doritos-poki, sem þú veist þig langar í og svo vantar alltaf eitthvað meira.“

Viktória Blöndal stóð fyrir markaði um helgina þar sem hún seldi ofan af sér alla búslóðina og allt nema nærbrækur sínar, vegna sligandi námslána.

Yfirmaður hjá Kópavogsbæ mátti ekki dreifa greinargerð um undirmann sem sakaði hann um einelti: Sendi upplýsingar í eineltismáli í leyfisleysi

PERSÓNUVERND Forstöðumanni stofnunar sem heyrir undir Kópavogsbæ var óheimilt að dreifa viðkvæmum persónuupplýsingum um undirmann sem sakað hafði hann um einelti. Þetta er niðurstaða Persónuverndar sem hefur úrskurðað í málinu.

Velferðarsvið Kópavogs sendi forstöðumanninum greinargerð um eineltismálið þar sem áminningarferli stóð yfir gagnvart honum. Í greinargerðinni komu fram kvartanir undirmannsins,

sem var kvenkyns, gagnvart forstöðumanninum, auk viðtala við samstarfsmenn þeirra vegna málsins.

Forstöðumaðurinn sendi greinargerðina í tölvupósti til samstarfsmanna konunnar þrátt fyrir að greinargerðin væri merkt trúnaðarmál. Forstöðumaðurinn segist hafa sent tölvupóstana sem einstaklingur en ekki yfirmaður hjá stofnuninni. Hann hafi viljað athuga hvort rétt hefði verið haft eftir samstarfsmönnum konunnar.

Persónuvernd bendir hins vegar á að það sé Kópavogsbæjar en ekki mannsins að athuga hvort rétt sé eftir starfsfólki haft.

Í úrskurði Persónuverndar kemur fram að konan hafi ekki greint samstarfsmönnum sínum frá þeim viðkvæmu persónuupplýsingum sem fram komu í greinargerðinni líkt og forstöðumaðurinn hafi haldið fram. Hún hafi einungis gefið samstarfsmönnum sínum skýringar á veikindaleyfi sem hún hafi farið í vegna málsins. -ih



BÆJARSTJÓRNARSKRIFSTOFUR Áminningarferli stóð yfir gagnvart forstöðumanninum þegar greinargerðin var send.



AFTAKA Hringleikahúsið í Palmyra er á heimsminjaskrá. NORDICPHOTOS/AFP

Nýtt myndband frá ISIS:

Skutu 25 menn í hringleikahúsi

SÝRLAND Nýtt myndband frá Íslamska ríkinu sýnir unga vígamenn ISIS taka 25 sýrlenska hermenn af lífi í fornu hringleikahúsi í borginni Palmyra.

Hringleikahúsið í Palmyra er á heimsminjaskrá UNESCO og er dæmi um háþróaða byggingarlist þess tíma þegar það var byggt.

Palmyra hefur orðið fyrir mikilli eyðileggingu frá upphafi stríðsins en eldri myndbönd ISIS sýna vígamenn eyðileggja fornminjar í borginni. -srs



FRANS PÁFI Þetta er önnur heimsókn Frans til Suður-Ameríku. NORDICPHOTOS/AFP

Vekur athygli á fátækt:

Frans páfi til Ekvador

EKVADOR Frans páfi var í Ekvador um helgina en hann er þessa dagana í sjö daga heimsókn í Suður-Ameríku. Þetta er önnur heimsókn hans til þeirrar heimsálfu frá því að hann tók við embætti árið 2013.

BBC hefur þær upplýsingar frá Vatíkaninu að markmið með heimsókn páfans sé einkum að vekja athygli á stöðu fátækra. Páfinn mun meðal annars heimsækja Bólívíu og Paragvæ. En hann mun ekki heimsækja heimaland sitt, Argentínu. -jhh

Annar starfsmaður Keilis íhugar að höfða mál

Annar fyrrverandi starfsmaður Keilis íhugar að fara í mál vegna eineltis af hálfu framkvæmdastjóra skólans. Konan telur sig hafa verið niðurlægð og að eineltið hafi haft mikil líkamleg og andleg áhrif á sig.

VINNUMARKAÐUR Annar starfsmaður sem vann hjá Keili íhugar að fara í mál vegna eineltis sem hann telur sig hafa orðið fyrir af hálfu Hjálmars Árnasonar, framkvæmdastjóra Keilis.

Á miðvikudag var sagt frá því í Fréttablaðinu að fyrrverandi starfsmanni Keilis hefðu verið greiddar miskabætur eftir að sálfræðingar komust að þeirri niðurstöðu að Hjálmar hefði lagt starfsmanninn í langvinnt einelti sem hefði haft mikil áhrif á hann.

„Það virðast mikil líkindi vera með þessum tveimur málum,“ segir Steinbergur Finnbogason lögmaður sem annaðist mál mannsins sem fékk greiddar miskabætur. Steinbergur hefur nú tekið að sér eldra mál svipaðs eðlis þar sem kona telur Hjálmar hafa lagt sig í einelti.

„Mér finnst full ástæða til að fara fram á endurupptöku þess máls. Nefndin sem á sínum tíma fjallaði um ásakanir skjólstaðings míns komst að þeirri niðurstöðu á nokkrum dögum að ekki hefði verið um einelti að ræða. Í nefndinni sátu meðal annars stjórnarmenn Keilis og ekki er ólíklegt að það hafi ráðið talsverðu um niðurstöðuna. Í seinna málinu fékkst meint einelti staðfest meðal annars að fengnu sérfræðialiti sálfræðinga og ég tel fulla ástæðu til að framkoma þessa manns gagnvart skjólstaðingi mínum verði skoðuð á nýjan leik og vonandi vandaðri,“ segir Steinbergur.

Konan sem um ræðir vann hjá Keili frá 2007 til 2011. Að hennar sögn hófst eineltið fljótlega eftir að Hjálmar tók við sem framkvæmdastjóri Keilis en konan



KEILIR Konan vann lengi hjá Keili og segir Hjálmar hafa lagt sig í einelti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

tók meðal annars þátt í að búa til Háskólabrú við skólann og hafði talsverða reynslu af slíkum störfum. Hún segist vita af öðru starfsfólki sem hrakist hafi frá störfum vegna framgöngu Hjálmars.

Hún segir eineltið hafa lýst sér á þann hátt að í fyrstu var byrjað að minnka við hana vinnu, hún var tekin á fundi þar sem, að hennar sögn, hún var niðurlægð og gert

lítið úr henni, hún hunsuð og ekki höfð með í ráðum þrátt fyrir að vera í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.

Eftir einn slíkan fund þar sem hún segir Hjálmar hafa niðurlægt sig fyrir framan námsráðgjafa í skólanum, gekk hún út og fór í veikindaleyfi. Þá hafði í millitíðinni systir Hjálmars verið ráðin í hennar stöðu innan skólans. Konan hélt þó launum sínum en vinna var minnkuð hjá henni. Upplifði hún það sem svo að verið væri að reyna að þvinga hana frá störfum.

Konan fór fram á að eineltið yrði

rannsakað. Það var gert af þriggja manna ráði þar sem komist var að því á 2-3 dögum, að hennar sögn, að hún hefði ekki orðið fyrir einelti. Eftir það barst henni uppsagnarbréf vegna samskiptaerfiðleika. Eftir að lögfræðingur hennar hafði samband við Keili vegna þess að hún átti ekki að fá uppsagnarfrest borgaðan og sagði félagið eiga von á stefnu var konunni borgaður uppsagnarfresturinn.

Konan segir að eineltið hafi haft mikil áhrif á sig bæði líkamlega og andlega og að hún hafi verið óvinnufær í ár eftir að hún hætti hjá Keili. viktoria@frettabladid.is

Dalaostar

SUMAR-ÞRENNNA

Ljúfir og góðir ostar, sévaldir fyrir sumarið

Dala HÖRÐINGI SAURUR
Dala CAMEMBERT
Dala KASTALI BLÁ

Ford Fiesta er
mest seldi smábíll Evrópu



Nýi besti vinur þinn?

➤ **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.** *Glæsilegur staðalbúnaður
Komdu og prófaðu
mest selda smábíl Evrópu*

5 dyra · MyKey · Fáanlegur með vél ársins (*International Engine of the Year*) þrjú ár í röð · Hiti í framsætum 3,5 tommu upplýsingaskjár · AUX og USB tengi · Fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur · Samlitaðir stuðarar Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar · Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 · Samlituð vindskeið · 6 hátalarar Einstaklega rúmt farangursrymi (290 lítra) · Frábær í endursölu · Start Stop spartækni · Brekkuaðstoð Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna · Samlitaðir hliðarspeglar · EasyFuel ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn · Ofnæmisprófuð efni í innréttingu · Fáanlegur sjálfskiptur á frábæru verði 5 stjörnu öryggi · Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns



20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.
Opnið á laugardögum frá og með 8. ágúst.

ford.is

Ford Fiesta, bensín 65 hð/EcoBoost 100 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

VEISTU SVARIÐ?



- 1. Hvað heitir kínverska fjárfestingarfélagið sem keypti þriðjung í CRI í vikunni?
- 2. Um hvað snýst keppnin Big Kahuna sem haldin var á laugardag á Prikinu?
- 3. Í hvað er sænska myflugan sólgunst?

SVÖR
 1. Geely Group, 2. Á þorla sem stærstar hamborgara á sem skemmstum tíma, 3. Sveitta líkama og blöð.

Rektor HÍ segir að með því að veita starfsmönnum hærri stöður séu þeir metnir að verðleikum: **Þrettán á félagsvísindasviði í hærri stöður**

MENNTUN Alls þrettán akademískir starfsmenn á Félagsvísindasviði við Háskóla Íslands hlutu stöðuhækkun þann 1. júlí síðastliðinn, eða svokallaðan framgang. Þetta var gert að undangengnu ítarlegu faglegu mati. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir framganginn hafa það í för með sér að viðkomandi hljóti starfsheiti sem metið sé hærra innan akademíunnar, svo sem úr lektor í dósent, úr dósent í prófessor eða

fræðimanni í vísindamann. „Það skiptir máli að vera metinn að verðleikum, og með þessu gefst kostur á að sýna það. Að vera til dæmis hækkður úr fræðimanni í vísindamann er mikilvægt innan akademíunnar.“ Jón Atli sat jafnframt í þar til gerðri framgangsnefnd, sem fer yfir hæfni umsækjenda. Það var svo í höndum rektors, sem þá var Kristín Ingólfssdóttir, að taka lokaákvörðun. Segir Jón Atli ferlið veiga-

mikið. „Ákvörðunin um að veita framgang byggir á umsóknargögnum, dómnefndarálitum og umsögnum sérfræðinga sem svo fer í gegnum framgangsnefnd sem í framhaldinu mælir með við rektor hverjir skuli fá umbeðinn framgang.“ Er þetta í fjórða skiptið sem framgangur er veittur á grundvelli nýrra reglna, en hann hefur þó verið veittur með öðru sniði í um áratug að sögn Jóns Atla.



REKTOR HÍ Jón Atli Benediktsson sat í framgangsnefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Á HVERFISGÖTU Lögreflagstofu hafði í nógu að snúast um helgina.

Hrópuðu kynþáttaníð: **Þrír réðust á hóp fólks**

LÖGREGLUMÁL Þrír menn réðust að hópi fólks á gatnamótum Hverfisgötu og Ingólfsstrætis um klukkan níu á laugardagskvöld. Að því er fram kemur í tilkynningu lögreglunnar til fjölmiðla komu mennirnir þrír akandi á bifreið og hrópuðu kynþáttaníð að fólkinu áður en þeir réðust á það. Þá var karlmaður handtekinn, grunaður um líkamsárás, á veitingahúsi við Austurstræti en sá sem fyrir árásinni varð er talinn fótbrotninn. -jhh

Miklir skógareldar á Spáni: **1.300 hafa flúið heimili sín**

SPÁNN Meira en 1.300 manns hafa þurft að flýja heimili sín á Spáni vegna skógarelda sem þar geisa. Hitabylgjan í landinu hefur valdið miklum eldum í greniskógum í héraðinu Aragon á norðausturluta Spánnar. Eldurinn, sem kviknaði á laugarlaginu, hafði þegar eyðilagt um 80 ferkílómetra svæði í gærkvöldi og um 500 slökkviliðsmenn hafa verið við slökkvistörf. Hitinn hefur farið yfir 40 gráður á Íberíuskaga en Portúgalar hafa einnig gert ráðstafanir vegna hugsanlegra skógarelda. -srs



JOHN KERRY Segir fylkingarnar enn þurfa að nálgast hvor aðra.

Ráðherrafundur í Vínarborg: **Gætu náð að semja í vikunni**

AUSTURRÍKI John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að samkomulag um kjarnorkuuppbyggingu verði Írana mögulega undirritað í vikunni. Hann segir þó að enn þurfi sanningsaðilar að nálgast hvor annan betur og að taka þurfi erfiðar ákvarðanir á næstu dögum. Samningsaðilar hafa til 7. júlí til að klára samninga -srs

Horft verði til menntunar og hæfni í stað lífaldurs fólks

Í mörgum kjarasamningum kveður á um að tekjur hækki með hærri lífaldri. Formaður Landssambands æskulýðsfélaga telur fólki mismunað á vinnumarkaði. Vill að menntun og hæfni sé metin til verðleika í stað aldurs.

KJARAMÁL Í flestum kjarasamningum er það almenn regla að starfsaldur ákvarði laun og launþrep. Í sumum kjarasamningum kemur fram að lífaldur einstaklinga skuli ákvarða hluta launa. Þar á meðal er kjarasamningur Starfsmannafélags Reykjavíkur við Reykjavíkurborg. Þar hefur lífaldur áhrif á launþrep og aldursþrep eru frá undir 20 ára aldri allt að 35 ára. Ákvæði um lífaldur eru ekki tiltekin eftir 35 ára aldur.

„Ég sjálf hef fundið fyrir þessu,“ segir Kristín Ólafsdóttir, starfsmaður Reykjavíkurborgar. Hún vann síðasta sumar fyrir verkefnið Skyldurækin þar sem hún fræddi ungt fólk meðal annars um kjaramál. „Ég fékk sem sagt meira borgað en samstarfsfélagi minn af því að ég var tveimur árum eldri.“

Kristín segir að fáir krakkar hafi verið meðvitandi um réttindi sín og nauðsynlegt sé að bæta fræðslu um kjaramál.

„Þau voru mörg hver úti á túni þó það hafi verið misjafnt. Það þyrfti að koma þessu betur inn í skólana, námskrána,“ segir hún. „Mér hefur alltaf fundist þetta skrítið. Að lífaldur trompi starfsaldur.“

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir, formaður Landssambands æskulýðsfélaga, tekur undir að það sé ósanngjarnt að mismuna fólki eftir lífaldri.

„Það þarf að meta menntun og hæfni einstaklinga til verðleika en ekki aldur, umbuna þér ef þú hefur reynslu á einhverju sviði en ekki eftir hversu marga hringi þú hefur farið í kringum sólina,“ segir hún.

Inga nefnir fleiri dæmi um mismunun á vinnumarkaði og bendir á nýsamþykka kjarasamninga þar sem átján og níttján ára einstaklingar þéna 95 prósent af byrjunarlaunum tvítugra einstaklinga.

Í tilmælum Evrópusambandsins um bann við mismunun á vinnumarkaði er meðal annars



LAUNAMUNUR Aldursmunur þessara manna gæti skapað launamun óháð starfsreynslu. FRÉTTABLAÐIÐ/HELM



„Ég fékk sem sagt meira borgað en samstarfsfélagi minn.“
Kristín Ólafsdóttir starfsmaður Reykjavíkurborgar



„Það þarf að meta menntun og hæfni einstaklinga til verðleika.“
Inga Kristjánsdóttir formaður LÆF

tiltekið að bannað sé að mismuna eftir aldri hvað varðar aðgang að störfum, ráðningar, laun og fleira. Tilmælin hafa enn ekki verið innleidd á Íslandi en frumvarp um innleiðingu þeirra er tilbúið í

félagsmálaráðuneytinu. Einungis á eftir að leggja það fram. Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ, segir að tilskipunin muni ekki breyta ákvæðum um lífaldur. „Við tökum því mjög fagnandi að

tilskipunin verði loksins leidd inn í lög og það er algerlega nauðsynlegt og það verður mikil réttarbót almennt. En varðandi lífaldurinn og 95 prósent regluna þá held ég að það breytist ekki,“ segir Halldór.

„Auðvitað myndi maður vilja að allir hefðu sömu laun og góð laun. En lögfræðilega þá tel ég að þetta standist alveg skoðun. Ég held að það sé alveg margviðurkennt og hafi að einhverju leyti verið látið reyna á það, eins og fyrir Evrópu-dómstóli og fleira. Þau mál sem hafa fallið varðandi aldursmismunun hafi vanalega verið grófar tilvik.“ stefanrafn@frettabladid.is

BREYTING LAUNA MEÐ HÆKKANDI LÍFALDRI*

Aldur (launþrep)	<20ára	20-24 ára	25-29 ára	30-34 ára	35-39 ára
Launaflokkur 110	196.032 kr.	199.391 kr.	202.852 kr.	206.415 kr.	210.086 kr.
Launaflokkur 142	250.428 kr.	252.637 kr.	257.209 kr.	261.648 kr.	266.260 kr.
Launaflokkur 161	301.805 kr.	309.464 kr.	317.415 kr.	325.605 kr.	334.037 kr.
Launaflokkur 172	352.928 kr.	362.814 kr.	372.996 kr.	383.486 kr.	394.288 kr.
Launaflokkur 182	400.181 kr.	411.486 kr.	423.128 kr.	435.120 kr.	447.4793 kr.

*Skr. kjarasamningi SFR við Reykjavíkurborg

Læra um stöðu, tækifæri og áskoranir smáríkja í þrettánda sumarskóla Rannsóknaseturs um smáríki: **Smáríkin eru ekki fullkomlega áhrifalaus**

MENNTUN „Ég komst að því að það væri rannsóknasetur um smáríki hér í Reykjavík og sótti strax um að komast í skólann,“ segir Lukas Beraki, nemandi við sumarskóla Rannsóknaseturs um smáríki.

„Ég hef áður stundað nám í alþjóðasamskiptum í háskólanum mínum í Kaupmannahöfn. En ég komst að því að í nær öllum stóru kenningunum og öllu sem við lærum í alþjóðasamskiptum er ekkert fjallað um tilveru smáríkja í alþjóðasamfélaginu,“ segir Lukas.

Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands stóð fyrir sumarskóla um smáríki og stöðu þeirra þann 22. júní til 4. júlí. Fjöldi nemenda frá sex háskólum í Evrópu tók þátt í skólanum.

„Smáríkin eru allt of lítið rannsökuð, sem er undarlegt til dæmis fyrir heimaland mitt Danmörku sem er smáríki. Það væri mjög gagnlegt fyrir Danmörku ef meiri áhersla væri á tækifæri og áskoranir smáríkja,“ segir hann.

„Smáríki hafa í raun mörg



LUKAS BERAKI



NICOLE TABONE

tækifæri ólíkt því sem margir halda,“ segir Nicole Tabone, annar nemandi við skólann.

„Lykillinn er að nýta styrkleika þína á réttan hátt til að

hámarka frammistöðu þína. Efnahagshrunið og enduruppbyggingin á Íslandi er til dæmis gott dæmi um það hvernig smáríki geta nýtt stærð sína til að ná merkilegum árangri. Í dag stendur Ísland í lappirnar,“ segir hún.

Nicole, sem er frá Möltu, segir mikil líkindi með Íslendingum og Maltverjum þó að veðrið sé frábrugðið. Fyndnustu líkindin þykja henni vera að bæði Ísland og Malta hafa sent þingmenn í Eurovision.

16

2016

Þú gætir eignast glæsilegt
Thule Motion ferðabox ef
þú drífur bílinn í skoðun!

ÖRUGG
BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND



FRÍTT
WI-FI, LJÚFFENGT
GÆÐAKAFFI
OG LITABÆKUR
FYRIR BÖRNIN
Á MEÐAN
ÞÚ BÍÐUR.



LUKKULEIKUR

Peir sem koma með bíl eða vagn í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast glæsilegt Thule Motion ferðabox frá Stillingu sem verður dregið út 4. ágúst 2015.

 **Frumherji**

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



SVONA ERUM VIÐ



3.144 vistmenn voru á stofnunum fyrir aldraða árið 2010.

Þar af voru konur 2.018 talsins en karlar 1.126. Heimild: Vefur Hagstofu Íslands.



FJÖLSKYLDAN Georg litli var viðstaddur skírni litlu systur.

Nánustu vinir viðstaddir:

Karlotta litla skírð í gær

BRETLAND Dóttir Vilhjálms prins og Katrínar af Cambridge var skírð í gær. Litla prinsessan heitir Karlotta Elísabet Díana af Cambridge. Hún er yngri barn þeirra Vilhjálms og Katrínar, en Georg sonur þeirra er tveggja ára.

Skírnarathöfnin tók 45 mínútur, að því er fram kemur í USA Today. Einungis nánur ættingjum og vinum var boðið í athöfnina sem fór fram í Sandringhamkirkjunni í Norfolk.

-jhh

Meirihluti Grikkja hafnar samningi við lánardrottina

Grikkir höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslu samkomulagi við lánardrottina um áframhaldandi aðhaldsaðgerðir. Grísk stjórnvöld vilja hefja viðræður við lánardrottina á ný en lausafé grískra banka verður senn uppurið.

GRIKKLAND Grikkir höfnuðu tilögum lánardrottina um að auka aðhaldsaðgerðir gríska ríkisins gegn því að fá aukid lánsfé í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi var búið að telja yfir 90 prósent atkvæða og allt útlit fyrir að samkomulaginu yrði hafnað með 61 prósentu greiddra atkvæða gegn samþykki 39 prósentu kjósenda.

Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, boðaði til kosninganna þann 27. júní þegar hann sleit viðræðum við lánardrottina og boðaði til kosninga um þá samninga sem þá voru á borðinu.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar þykir sigur fyrir Tsipras sem hvatt hafði þjóðina til að segja nei í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Ljóst er að grísk stjórnvöld vilja hefja samningaviðræður við lánardrottina á ný. „Ég er meðvitaður um að umboðið sem þið hafið veitt mér er ekki umboð gegn Evrópu heldur umboð til að finna varanlega lausn með Evrópu til að koma okkur út úr vítahring aðhaldsaðgerða,“ sagði Alexis Tsipras í ávarpi til grísku þjóðarinnar í gær.

Hins vegar er óljóst hversu viljug hin evruríkin eru til viðræðna. Sigmar Gabriel, varakanslari Þýskalands, sagði við þýska dagblaðið Tagesspiegel að ekkert traust væri



„Ég er meðvitaður um að umboðið sem þið hafið veitt mér er ekki umboð gegn Evrópu heldur umboð til að finna varanlega lausn með Evrópu til að koma okkur út úr vítahring aðhaldsaðgerða.“

Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands

milli Grikkja og leiðtoga annarra Evrópuríkja vegna framferðis Tsipras. „Með því að segja nei við tilögum evrusvæðisins ... er erfitt að hugsa sér samningaviðræður um milljarða evru neyðarástöð,“ sagði Gabriel.

AFP greindi frá því að François Hollande, forseti Frakklands, og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hygðust funda í kvöld þar sem þau myndu þau ræði niðurstöðu kosninganna. Þá er búið við að þjóðarleiðtogar evruríkjanna fundi á morgun um næstu skrefi í málinu.

Nokkrir dagar geti verið í að



NEI-FÓK FAGNAR Mikill fögnuður braust út meðal andstæðinga frekari aðhaldsaðgerða í Grikklandi þegar fyrstu tölur birtust í gærkvöld.


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

laust fé grískra banka verði uppurið samkvæmt frétt BBC. Bönkum í Grikklandi var lokað í byrjun síðustu viku þegar ljóst var að Seðlabanki Evrópu hygðist ekki veita frekari neyðarlán til gríska bankakerfisins. Úttektir á lausafé úr bönkum í Grikklandi margfölduðust í kjölfarið. Ljóst þykir að

bankakerfið þurfi nauðsynlega á frekara lánsfé að halda frá Seðlabanka Evrópu.

Antonis Samaras, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, sagði af sér í gær kvöldi eftir að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð ljós. Samaras vildi að Grikkir samþykktu samkomulagið.

ingvar@frettabladid.is



Við kynnum með stolti nýjustu úrvalinu okkar. Tradition úrin eru glæsileg íslensk hönnun og fást þau í ýmsum litasamsetningum. Kíktu á úrvalið í vefversluninni okkar á michelsen.is

Tradition



ÞINGMAÐUR Vilhjálmur segir að frumvarpið verði að mestu lagt fram í óbreyttri mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Telur áhyggjur af frjálsri áfengissölu óþarfar:

Áfengisfrumvarp lagt fram á ný

STJÓRN MÁL Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hyggst leggja frumvarp um breytingar á áfengislögum fram á ný þegar Alþingi kemur saman í haust. Samkvæmt frumvarpinu verður áfengissala gefin frjáls.

Vilhjálmur á von á því að frumvarpið verði í meginatriðum lagt fram óbreytt en ítarlegri greinargerð verði skrifuð með því. „Nú er komin skýrslan frá Clever Data og þessi skýrsla frá Bretlandi sem afsannar allar hrakspárnar,“ segir Vilhjálmur.

Í nýlegri skýrslu Clever Data er því haldið fram að taprekstur sé á áfengissölu ÁTVR. „Þessi Clever Data-skýrsla sýnir að hagnaðurinn af áfengissölu er enginn,“ segir Vilhjálmur. ÁTVR hafnaði fullyrðingum sem fram koma í skýrslunni og sagði að þær ættu sér „litla stöð í raunveruleikanum“.

→ Í nýlegri skýrslu Clever Data var því haldið fram að taprekstur væri af áfengissölu ÁTVR.

Vilhjálmur segir einnig að nýleg skýrsla Institute of Economic Affairs sýni fram á að sólarhringsopnun kráa og skemmtistaða í Bretlandi hafi ekki haft þau skaðlegu áhrif sem óttast sé. Í skýrslunni segir að áfengisneysla á mann í Bretlandi hafi dregist saman frá árinu 2005 þegar opnunartíminn var lengdur.

Vilhjálmur telur að verði frumvarpið að lögum væri betur hægt að sinna þeim sem ættu við áfengisvanda að stríða þar sem fimm prósent áfengisgjalds renni í lýðheilsusjóð í stað eins prósent líkt og nú er raunin.

-ih

Camp-let®

TJALDVAGNAR Á TILBOÐSVERÐI




Camp - Let Classic

Fortjald - Eldhús með helluborði, vask og krana - 13" álfelgur - Tjaldast með fortjaldi á örfáum mínútum
Yfir 80% seldra tjaldvagna í Danmörku eru Camp-let - Camp-let notar framúrskarandi akrílefnir í tjalddúkinn.
Þessi er sá einfaldasti í uppsetningu - Stórglæsilegur vagn.

Verð áður kr. 1.490.000,- með fortjaldi. **Tilboðsverð nú kr. 1.190.000,- með fortjaldi.**

100%
Lán



Eigum nokkra vagna með kr. 300.000 afslætti.

Brunaðu inn í sumarið á splunkunýjum tjaldvagni.





1 Í PÓLLANDI Það er hlýtt víðar en á Íslandi þessa dagana. Hitabylgja gengur yfir meginland Evrópu og sums staðar hefur hitinn farið upp fyrir 30 stig. Það átti til dæmis við um Pólland þar sem fólk notaði sóhlífar sér til varnar. NORDICPHOTOS/AFP



ÁSTAND HEIMSINS



3 RÆÐA FRÍÐ Ivan Marquez, leiðtogi FARC-hreyfingarinnar kom til fundar við stjórnvöld í Kólumbíu á fimmtudaginn. Friðarviðræður milli stjórnvalda og FARC hafa þróast í rétta átt í mörgum meginatriðum, en enn á eftir að binda lokahnúttinn á deilurnar sem hafa staðið yfir í meira en fimm áratugi.



2 SJÁLFSTÆÐINU FAGNAÐ Hvít-Rússar fögnuðu sjálfstæði sínu þann 3. júlí. Á meðal þeirra sem gerðu sér glaðan dag var krafta-jötunn sem ýtti 320 kílóa þungu dekki og sýndi þannig hvað í honum býr. NORDICPHOTOS/AFP



4 Í APENU Grikkir héldu þjóðaratkvæðagreiðslu í gær um efnahagsaðgerðir. Lífið gekk þó sinn vanagang í Apenu og fjölmargir áttu leið um Sindagma-torg fyrir framan gríska þinghúsið daginn áður en atkvæðagreiðslan fór fram. Fyrirfram var búist við að 10 milljónir manna myndu taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni.



5 FORSETAHJÓNIN FAGNA Bandaríkjamenn fögnuðu þjóðhátíðardegi sínum á laugardaginn, þann 4. júlí. Auðvitað tóku forsetahjónin, Barack og Michelle Obama, þátt í hátíðarhöldunum í Hvíta húsinu. Þar var fagnað með hermönnum og fjölskyldum þeirra.

NORÐURLÖND

Táningsstúlkur létust

1 **NOREGUR** Þrjár stúlkur á táningsaldri létust í bílslysi á þjóðvegi nærri Eleverum í Noregi á föstudaginn. Slysíð varð þegar bíl sem þær voru í var ekið á elg og svo áfram á tré. Stúlkurnar voru á aldrinum 16-19 ára.

Tvær þeirra létust samtundis en sú þriðja var flutt á sjúkrahús þar sem hún lést skömmu síðar. Einn átján ára gamall piltur var í bílnum. Hann hlaut ekki líffshættuleg meiðsl, en var fluttur á spítala.

Við áreksturinn kviknaði í bílnum sem ungmennin voru í en ökumaður sem átti leið fram hjá slystaðnum náði að slökkva eldinn.



Maturinn á Hróarskeldu vekur athygli

2 **DANMÖRK** Hróarskelduhátíðin fór fram í Danmörku í liðinni viku. Venju samkvæmt skipaði tónlistin stærsta sessinn hjá hátíðargestum. En þar er fólk reyndar margt fleira til lista lagt, annað en að flytja góða tónlist. Sandra Brovall, matar- og menningarblaðamaður Politiken, segir í samtali við Danmarks Radio að úrvalið af mat á hátíðinni hafi aukist mikið undanfarið. Þar bjóði nú margir Michelin-veitingastaðir þjónustu sína. Þar á meðal veitingastaðurinn Kiin Kiin, sem bauð upp á gæða karríretti og vorrúllur. Brovall segir að þótt gæðin séu kannski ekki þau sömu og á veitingastöðunum sjálfum þá séu þau engu að síður mjög góð.

Morðtilraun í Svíþjóð

3 **SVÍÞJÓÐ** Tveir menn voru handteknir fyrir tilraun til manndráps í Lundi í Svíþjóð aðfaranótt laugardagsins.

Maðurinn sem ráðist var á er á þrítugsaldri og særðist hann líffshættulega. Hann var fluttur á sjúkrahúsið í Lundi. Mennirnir sem handteknir voru eru á fertugsaldri. „Við eigum eftir mikla tæknivinnu við rannsókn málsins,“ sagði Eva-Gun Westfjord, talsmaður lögreglunnar, í samtali við Dagens Næringsliv í Svíþjóð.

Mennirnir voru svo yfirheyrðir af lögreglunni síðar á laugardeginn. Lögreglan var fámál um rannsókn málsins.



ÁNÆGDUR Matt Stonie fékk verðlaun að keppni lokinni. NORDICPHOTOS/AFAP

Hörð keppni í pylsuáti:
Hesthúsaði 62 pylsur í brauði

BANDARÍKIN Hinn 23 ára gamli Matt Stonie afrekaði það að borða 62 pylsur í brauði í pylsuátkeppni sem fram fór í New York á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna, þann 4. júlí. Stonie varð í öðru sæti í þessari sömu keppni í fyrra, en þá vann Joey Chestnut keppnina. Chestnut varð núna í öðru sæti í keppninni og borðaði tveimur pylsum færri en Stonie.

Sá sem varð þriðji í röðinni borðaði hins vegar einungis 32 pylsur.

- jhh

Tuttugu ár frá voðaverkum:
Þrætir fyrir fjöldamorðin

BOSNÍA Forsetinn í serbneska hluta Bosníu neitar því að múslimar hafi verið drepnir í Bosníustríðinu á tíunda áratug síðustu aldar. „Það er alrangt að serbneskrar hersveitir hafi staðið að þjóðernishreinsunum í Srebrenica í júlí 1995,“ sagði forsetinn, Milorad Dodik, um helgina.

Hollenskir hermenn á vegum Sameinuðu þjóðanna urðu vitni að því þegar serbneskir hermenn réðust inn á friðarsvæði, drógu um 8.000 múslimska karlmenn og drengi þaðan og myrtu þá. En Serbar vilja ekki kannast við þetta. „Þetta er bara endurtekin lygi,“ sagði Dodik í ávarpinu sem var sent út á bosnísk-serbnesku sjónvarpsstöðinni RTRS.

- jhh

Kampakátur eftir afrekið:
Prinsinn synti þrjá kílómetra

DANMÖRK Friðrik, krónprins Dana, hefur gaman af því að taka áskorunum. Það er nú sennilegast



FRIDRIK KRÓN-PRINS

þess vegna sem hann ákvað að synda þrjá kílómetra í sænskri á laugardaginn. Sundið tók 45 mínútur og fékk hann verðlaunapening eftir sundið.

Samkvæmt frásögn Danmarks Radio var prinsinn kampakátur eftir sundið. Áður en sundið hófst vildi hann þó ekkert segja til um hvaða tíma hann hygðist taka sér í að ljúka við sundið. „Ég er með persónuleg markmið en ég ætla ekki að segja hver þau eru,“ sagði prinsinn fyrir sundið.

- jhh



Nýjar „topClass“ uppvottavélar frá Bosch









Uppvottavél, SMU 69T42SK [hvít]:
Kynningarverð: 149.900 kr.



Hægt er að koma fyrir hnífapörum, ausum, expressó-bollum og litlum fylgihlutum í hnífaparaskúfunni.

Uppvottavél, SMU 69T45SK [stál]:
Kynningarverð: 159.900 kr.



Neðri grind, efri grind og hnífaparaskúffa.

Framúrskarandi uppvottavélar frá Bosch í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu kynningarverði.

Orkuflokkur A+++ Sérlega hljóðlátar: 40 dB.
Sex kerfi: Sjálfvirkt 65 - 70° C, sjálfvirkt 45 - 65° C, sjálfvirkt 35 - 45° C, sparnaðarkerfi Eco 50° C, hraðkerfi 45° C og forskolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa, kraftþvottur á neðri grind og hálf vél. Fyrir 14 manna borðbúnað.

Við ábyrgjumst gæði.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

Uppskeran er eins og til er sáð:

Sjálfskaparvíti

Vonandi verður niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Grikklandi í gær til þess að aðrar Evrópuþjóðir sjái ljósið og fallist á að skynsamlegt sé að styðja Grikki til uppbyggingar í stað þess að hrekja þá í einangrun og eyðimerkurgöngu vegna ofurskulda og viðbúinna gjaldeyrishafta með nýrri drökmú í stað evru. Ljóst var orðið í gærkvöldi að afgerandi meirihluti sagði nei við þeirri leið niðurskurðar og skuldapíningar sem Evrópusambandið, Seðlabanki Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn héldu að landinu.

Um leið er ekkert skrítið að standi í öðrum löndum Evrópu að moka peningum í Grikki sem sjálfir hafa komið sér í þá stöðu sem landið er í. Gildir þá einu hvort horft er til þess að í ljós kemur að fegraðar hag-tölur hafi verið notaðar til að koma landinu í mynnsamstarf

Evrópuþjóða eða annarra þátta sem leitt hafa til skuldasofnunar gríska ríkisins.

Mistök hafa líka víðar verið gerð en innan Grikklands. Kannski hefði þurft að rýna betur í hagtolurnar sem frá landinu komu við inngönguna í mynnsamstarfið. Undirstaðan þarf jú að vera í lagi. Þá er deginum ljósara að innan Evrópusambandsins voru gerð mistök þegar skuldir Grikkja við bankastofnanir voru teknar yfir og þar með lagðar á herðar skattgreiðendum í Evrópu. Þar virðist óttinn við frekari áföll í fjármálageira Evrópu hafa búið til enn stærri krísu.

Fortíðinni verður hins vegar illa breytt. Takast verður á við þá stöðu sem upp er komin. Og í Grikklandi er staðan slæm, engum blóðum er um það að fletta. Atvinnuleysi, súpueldhús og skortur á lyfjum. Auðvitað eiga ríki Evrópu ekki að láta líðast að slíkar hörmungar gangi yfir í bakgarðinum hjá sér.

Hagfræðingar hafa útlístað hvernig hrakfarir Grikkja aukist mjög líklega við að flæmast út úr evrusamstarfinu. Hvaða áhrif slík atburðarás hefði á pólitískt landslag í Evrópu, eða innan Grikklands, er erfitt að spá um. Vert er þó að hafa í huga að í efnahagsþrengingum er jarðvegur frjór fyrir hvers kyns öfga og þjóðernisrembu. Nóg er nú samt.

Skadað orðspor er löndum líka skaðlegt. Það endurspeglast til dæmis í þeim lánakjörum sem bjóðast Argentínu annars vegar og Fínum hins vegar. Annað landið lagði sig fram um að greiða skuldir sínar, ekki hitt. Því verður þess vegna seint haldið fram að Grikkir hafi allt að vinna með því að borga ekki skuldir sínar.

Vonarglæta er fólgin í orðrómi um að taka eigi á ný upp við-ræður um þá stöðu sem Grikkland er í. Gríska þjóðin hefur talað og ljóst er að leita þarf annarra leiða en áframhaldandi niðurskurðar þar í landi. Um leið þurfa Grikkir að sýna lit í að koma á nauðsynlegum endurbótum. Þeim þarf hins vegar að koma þannig á að gríska þjóðin líði ekki fyrir á meðan.

Þríeykið, ESB, Seðlabanki Evrópu og AGS, þurfa að átta sig á því að skuldir Grikkja verða seint innheimtar að fullu. Landið þarf svigrúm til að rétta úr kútnum. En þá reynir líka á Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, og getu hans til að ná samningi. Belgingur „neisins“ má heldur ekki verða til þess að Grikkir ætli að fá allt fyrir ekkert. Hvort menn beri gæfu til að ná saman verður svo tíminn að leiða í ljós.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is. AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ÚRVAL AF
VÖRUM FRÁ
IITTALA

HÚSGAGNAHÖLLIN

FRÁ DEGI TIL DAGS

Konan með litaða hárið

Þeir hafa keppt við það, framsóknar-þingmennirnir, að halda því að almenn- ingi hvernig skuldaleiðréttingin heppn- aðist. Forsætisráðherra reið á vaðið í grein í Fréttablaðinu á dögunum. Þor- steinn Sæmundsson, þingmaður Fram- sóknarflokksins, fylgdi síðan í kjölfarið. Áður nefndur Þorsteinn átti einmitt eina eftirminnilegustu ræðuna þegar frumvarpið um leiðréttinguna var rætt á Alþingi. Rifjaði hann upp sögu af framhaldsskólakennara sem hann hitti í síðustu kosningabaráttu. Sú ku hafa verið farin að hlakka til að geta farið á hárgreiðslustofu, í stað þess að lita á sér hárið sjálf. Nú er leiðréttingin orðin að veruleika. Væri nokkuð úr vegi að við fengjum að heyra fréttir af konunni á hárgreiðslustofunni?



Að tala skýrar

Menn ræða ennþá hugmynd Rögnu- nefndarinnar svokölluðu um framtíðar- flugvöll í Hvassahrauni. Einn þeirra sem gagnrýnt hafa hugmyndina er verkfræðingurinn Grétar Óskarsson, sem hefur áratugalanga reynslu af flugmálum. Grétar sagði raunar í blaða- viðtali fyrir fimmtán árum að menn byggðu ekki flugvöll í 10 kílómetra fjar- lægð frá öðrum flugvelli. Sennilegast hefði nefndin átt að skrifa það skýrum stöfum að tillaga hennar væri ekki einungis hugmynd að framtíðar innanlandsflug- velli, heldur einnig milli- landaflugvelli sem tæki við af Keflavíkurflugvelli. En stundum er auð- veldara að tala undir rós.



Þrautseigur þingmaður

Það var áhugavert að fylgjast með eld- húsdagsumræðum á Alþingi í síðustu viku. Þar gerði Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, meðal annars athugasemd við það að Íslendingar byggju enn við sama gjaldmiðil og á árinu 2007. Það hlýtur að teljast nokkur þrautseigja hjá þingmanninum, og öðrum samfylkingarmönnum, að halda úti kröfunni um aðild að Evrópu- sambandinu og upptöku evru. Á sama tíma og allt nótur og skelfur á meginlandinu vegna stöðu Grikklands og Bretar huga að þjóðar- atkvæðagreiðslu um úrsögn úr Evrópu- sambandinu. jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Kosningaréttur heyrnarskertra

SAMFÉLAG



Hjörtur H. Jónsson formaður Heyrnarhjalpar

Ef þú fengir keppnisrétt í boðhlaupi á ólymp- íuleikum þá væri það ekki aðeins rétturinn til að mæta til leiks. Að mæta til leiks og komast í mark væri endapunkturinn á löngu ferli þar sem þú hefðir meðal annars verið í aðstöðu til að þjálfa hlaup um langan tíma, afla þér upplýsinga og taka þátt í námskeið- um, fræðast um næringu, mikilvægi hvíldar og fleira sem skiptir máli fyrir hlaup. Þú hefðir tekið þátt í sameiginlegum æfingum með öðrum liðsfélögum þar sem þið hefðuð rökrætt útfærslu hlaupsins, hvernig hlaup- urum væri raðað og rætt styrk og veikleika helstu keppnauta. Og þótt sjálfur keppnis- dagurinn væri mikilvægastur í flestra huga þá væri hann einungis lokaáfanginn í löngu ferli.

Á sama hátt og keppnisréttur í boðhlaupi er ekki aðeins rétturinn til að mæta til leiks á sjálfan keppnisdaginn, þá er kosningarétt- ur ekki aðeins rétturinn til að setja kross á blað inni í kjörklefa á kosningadegi. Að setja kross á kjörseðil er endapunktur á löngu ferli, líklega ævilöngu, sem felur meðal ann- ars í sér þjálfun í að taka þátt í samfélaginu, sækja sér menntun og þroska hæfileika sína, taka þátt í fundum og ráðstefnum um stjórnmál, og eiga í rökræðum við fólk, bæði á skipulögðum fundum og dagsdaglega.

Það að veita hópi fólks kosningarétt felur því ekki einungis í sér að því sé tryggður réttur til að mæta á kjördag og setja kross

→ Ef við viljum taka kosningarétt- inn alvarlega þá þurfum við öll að leggjast á árarar.

á blað. Kosningaréttur felur óhjákvæmilega í sér að fólki sé gert kleift að taka upplýsta afstöðu, að það geti lært af öðrum um leið og aðrir læra af þeim, sem aftur felur í sér allt ofangreint og fleira.

Í þessu ljósi er hæpið að halda því fram að mikið heyrnarskert og heyrnarlaust fólk hafi fullan kosningarétt. Heyrnarskertu fólk er meðal annars haldið frá þátttöku í stjórnmálaviðburðum og starfi með því að neita því um túlkun (táknmálstúlkun og rittúlkun). Opinberir viðburðir og umræða er yfirleitt hvorki túlkud né textuð og því óaðgengileg heyrnarskertu og heyrnarlausu fólki. Mörg- um er haldið í einangrun þar sem nauðsyn- leg samskiptatæki, t.d. heyrnartæki, eru afar dýr og þar með óaðgengileg. Svo ekki sé minnst á allar þær brotalamir sem eru í menntun heyrnarskertra og heyrnarlausra.

Vonandi verður það einhverntíma bæði sjálfsgott og venjulegt að heyrnarskert og heyrnarlaust fólk sé jafn virkt í stjórnmála- starfi og annað fólk og sé jafnvel ofarlega á listum, en áður en af því getur orðið er mikið verk ónnið. Ef við viljum taka kosningarétt- inn alvarlega þá þurfum við öll að leggjast á árarar.

Orkufrekjur

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Forsætisráðherra stóð í vikunni fyrir opinberum viðburði sem fór fram í kyrreby. Þetta var undirritun viljayfirlýsingar með kínverskum fjárfestum um nýtt álver að Hafursstöðum í Skagafirði. Um er að ræða 120 þúsund tonna álver með möguleika á stækkun upp í allt að 220 þúsund tonn.

Til heimabruks

Eflaust ríkir gagnkvæmur skilningur um það milli Íslendinganna og Kínverjanna að sem fyrst verði ráðist í þá stækkun – það er forsenda þess að fjárfestingin borgi sig.

Þetta er svokallaður – eða öllu heldur sannkallaður – orkufrekur iðnaður. Þegar aðstandendum er bent á að ekki sé til orka handa þessari fyrirhuguðu starfsemi muldra þeir yfirleitt eitthvað um Blönduvirkjun og minna á óljós og öllum gleymd loforð á sínum tíma um að orkan þaðan yrði notuð til svokallaðrar uppbyggingar í heimabyggð, rétt eins og vatnið sem rennur um landið okkar eigi sér eitthvert sérstakt heimili umfram annað.

Maður man eftir því hér í gamla daga, þegar stóð til að sökkva Laxárdal undir vatn og eyðileggja eina helstu laxveiðia landsins, var stundum reynt að

minna Akureyringa á mikilvægi framkvæmdarinnar með tali um „hundinn að sunnan“. Í þessum orðum lá að hálfgerð minnkun væri að því að fá rafmagn af Suðurlandi. Þegar þingeyskir bændur komu í veg fyrir áformuð hervirki var ráðist í jarðvarma- virkjunina að Kröflu, án þess að fyrir lögju nauðsynlegar rannsóknir eða undirbúningsvinna, að íslenskum hætti. Mörg munum við eftir Jóni Sólens í sjónvarpinu að segja með þunga að Krafla skyldi víst rísa, eins og það væri á einhvern hátt undir honum komið og viljastyrk hans – eða kannski öllu heldur orkufrekju.

Sem sé: Jú, við ætlum að leysa til okkar orkuna sem þið þarna afætur fyrir sunnan hafið verið að fá frá okkur úr Blöndu. Þá gleymist raunar að geta þess að talað hefur verið um að þegar álverið sé fullbyggt muni það þurfa orku sem samsvarar þremur Blönduvirkjunum.

Ungur 19. aldarmaður

Snorri Baldursson, sá mæti verðlaunahöfundur og þjóðgarðsvörður, fer svolítið ofan í saumana á þessu máli í grein í blaðinu hér á dögunum. Hann bendir á að orkuþörf fyrsta áfanga sé sögð vera 206 MW og verði þá 412 MW þegar seinni áfangi þessarar virkjunar rísi. Svo fer hann að skima kringum sig eftir orku: hvað sem líður gömlum loforðum er óraunhæft að gera þar ráð fyrir orku úr Blönduvirkjun (og hvað þá þremur) því sú orka er að mestu fullnýtt. Um 30 MW koma úr Blönduveitum sem er í nýtingarflokki rammaáætlunar

en 100 MW gætu komið úr Blöndulundi svonefndum, en það er vindmyllugarður sem menn eru að gæla við að búa til.

Snorri bendir á að augljóslega þurfi að virkja jökulsárnar í Skagafirði við Skatastaði, en sú virkjun er í biðflokki rammaáætlunar, í tveimur útfærslum sem báðar gera ráð fyrir stóru uppistöðulóni á hálandinu fyrir norðan Hofsjökul. Til þess eru væntanlega refsirir skornir með hinum hátiðlegu undirskriftum: að skapa þrýsting og óhjákvæmileika þess að ráðast í slíkar virkjanir. Hér er því enn tekist á um hálandið okkar.

Þó að Kaupfélagsstjórnin yfir Íslandi, Þórólfr Gíslason á Sauðárkróki, gjöri heyrinkunnugt að nú eigi að reisa álver í hans heimabyggð, þá er ekki þar með sagt að málið sé þar með útrætt, jafnvel þó að Kaupfélag Skagfirðinga hafi keypt þá virkjanakosti sem eru í Skagafirði – Skatastaðavirkjun og Villinganesvirkjun. Þetta kemur okkur öllum við.

Ekki er langt síðan fjármála- ráðherra lét hafa eftir sér að vatnsföllin renni til sjávar án þess að skila neinum arði til samfélagsins. Þetta er ungur og skynugur maður en hann talar eins og hann komi hingað frá 19. öld þegar menn voru að uppgötva orku fallvatna en höfðu ekki áttað sig enn á þeim alvarlegu umhverfisþöllum sem virkjanir og uppistöðulón valda – og Héraðsbúar þekkja nú eftir að vatnafari var umturnað á Austurlandi fyrir álver í eigu auðhings, sem reist var af kínverskum þrælum á vegum ítalskrar starfsmannalegs.



Síðan menn hugsuðu svo á 19. öld hefur mikið vatn runnið til sjávar og fært samfélaginu mikkinn arð. Jökulárnar bera næringu í framburði sínum til sjávar þar sem hún gagnast lífinu kringum okkur og miðunum; sjálfri lífs- björginni. Uppistöðulónin ógna því öllu.

Maður man eftir því hér í gamla daga, þegar stóð til að sökkva Laxárdal undir vatn og eyðileggja eina helstu laxveiðia landsins.

Við gleymum því líka hvílkir verðmæti eru fólgin í fegurð fossa. Fegurðin er góð af sjálfri sér og það verður aldrei metið til fjár að Ísland er eitthvert fossaríkasta land í veröldinni – hér eru fossar af öllum stærðum og gerðum – og allir sem einn unaðslegir á að líta. Ósnortnir fossar – tign og kyrrð hálandisins þar sem mannvirki eru fjarri en þögnin ríkir – verksmiðjulaust umhverfi

Svolítið meira um samfélag án aðgreiningar

Ég birti grein í Fréttablaðinu 5. maí sl. sem ég kallaði „Samfélag án aðgreiningar“. Þar sagði ég m.a. frá þeim þeim skammtarlegu löngu biðlistum og biðtíma sem er eftir greiningum fyrir börn sem eru með einhvers konar raskanir vegna fötlunar, ofvirkni og/eða athyglisbrests, einhverfu eða af geðrænum ástæðum. Þó er augljóst að þessar greiningar eru forsenda þess að skólarnir geti veitt hverju og einu barni viðeigandi og nauðsynlegan stuðning til að þau geti lokið námi og farið út í lífið vel undir það búin.

SAMFÉLAG



Páll Valur Björnsson
þingmaður Bjartrar framtíðar

greint þarfir þessara einstaklinga þegar þeir voru börn og stutt þá til að þeim liði vel í skólanum og fótuðu sig vel í samfélaginu?

Og hversu margir þeirra sem framið hafa afbrot og valdið öðrum og sjálfum sér margvíslegum skaða gætu hafa komist hjá afbrotum og misnotkun fikniefna og átt gott líf og lagt mikið til samfélagsins ef þeir hefðu fengið viðeigandi greiningar og stuðning þegar þeir voru börn?

Að sjálf sögðu get ég ekki vitað það en ég er sannfærður um að þeir eru mjög margir.

Skilar sér margfalt til baka

Mér er sagt af fólki sem til þekkir að það kosti samfélagið 5-10 milljónir króna á ári að hafa hvern einstakling í fangelsi. Þar við bætist sá kostnaður sem afbrotið sem leiddi til fangelsisrefsingar hefur valdið samfélaginu og auðvitað þeim sem það bitnaði sérstaklega á, sem og kostnaður lögreglu og dómskerfis. Og því til viðbótar kemur það fjárhagslega tap sem samfélagið verður fyrir þegar einstaklingur sem gæti verið virkur í samfélaginu og í starfi og þar með greitt samfélaginu skyldur og skatta er innilokaður og iðjulaus.

Er ekki augljóst að það fé skilar sér margfalt til baka sem við leggjum til þess að styðja við börn sem þurfa stuðning þannig að þau fóti sig frekar í námi og í lífinu almennt og lendi síður utangarðs, í óreglu og jafnvel í afbrotum?

Og hvernig stuðning veitum við þeim einstaklingum sem við

→ Er ekki augljóst að það fé skilar sér margfalt til baka sem við leggjum til þess að styðja við börn sem þurfa stuðning þannig að þau fóti sig frekar í námi og í lífinu almennt og lendi síður utangarðs, í óreglu og jafnvel í afbrotum?

dæmum í fangelsi til að takast á við vímuefnavandann, athyglisbrestinn, ofvirknina, geðræn vandamála?

Í svári ráðherra kemur fram að þeim mikilvægu og erfiðu verkefnum sinni tveir sálfræðingar, tveir félagsráðgjafar, einn námsráðgjafi og tveir sérfræðingar á meðferðargangi á Litla-Hrauni.

Sálfræðingarnir tveir og félagsráðgjafarnir tveir sinna 600 einstaklingum!


Er þetta mannúðlegt gagnvart fólki sem líður oft mjög illa og er jafnvel veikt?

Þarna eru einstaklingar sem við brugðumst þegar þeir voru börn, eins og Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur bent okkur á, og þegar þeir verða fullorðnir lokum við þá inni og brugðumst þeim aftur með því að neita þeim um þann sérfræðilega og sálfræðilega stuðning sem er forsenda þess að þeir geti fótá sig í samfélaginu eftir afplánun.

Það er auðvitað engin glóra í þessu, hvorki siðferðilega né fjárhagslega, og þar til við höfum lagað þetta skulum við a.m.k. alveg stilla okkur um að nota orðið betrun þegar við tölum um fangelsisrefsingar á Íslandi.

365 Lofthraði

MEIRI HRAÐI Í BÚSTAÐINN



- MEIRI HRAÐI
- STÖÐUGRA SAMBAND
- INNLENT NIÐURHAL INNIFALIÐ

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á lofthradi.is

MERKISATBURÐIR

- 1189** Ríkhafður Ijónshjarta er krýndur konungur Englands.
- 1483** Ríkhafður III er krýndur konungur Englands.
- 1758** Carlo della Torre Rezzonico verður Klemens XIII páfi.
- 1854** Fyrsti landsfundur bandaríska Repúblíkanaflokksins er haldinn í Michigan.
- 1859** Queensland verður sjálfstæð nýlenda Breta í Ástralíu.
- 1907** Myndlistarkonan Frida Kahlo fæðist.



1946 Bretar afhenda Íslendingum Reykjavíkflugvöll við hátíðlega athöfn, sama dag fæðist George W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseti.



- 1958** Eyrólfur Jónsson sundkappi syndir um 22 kílómetra leið frá Reykjavík til Akraness.
- 1975** Bandaríski rapparinn 50 Cent fæðist.
- 1987** Hljómsveitin Europe heldur tónleika í Laugardalshöll. Að sögn Morgunblaðsins frá 9. júlí 1987 eru tónleikagestir afar ánægðir með hve stundvís hljómsveitin er.
- 1998** Amerískur söngvarinn og tónlistarmaðurinn Roy Rogers deyr. Hann hafði leikið í yfir 100 kvikmyndum á ferli sínum.

PETTA GERÐIST 6. JÚLÍ 1950

65 ár frá fyrsta landsmóti hestamanna

„Hafliði Másson og Þorgils Oddason og aðrir fornhöfðingjar, er söfnuðu fjölmenni til þingreiðar, myndu vafalaust kætast, ef þeir mættu líta upp úr gröfum sínum og sjá mannareið þá, sem verið hefir til Þingvalla síðustu dagana. Myndi þeim þykja sennilegt, að nú væru stórdeilur í landi, og drægju goðorðsmenn saman flokka.“

Svo hljóðaði umfjöllun Tímans frá 8. júlí 1950 um fyrsta landsmót hesta-

manna sem var sett á Þingvöllum fyrir 65 árum, þann 6. júlí 1950.

Til Þingvalla kom fjöldi fólks með úrvalsgæðinga og keppnishesta en mótið sjálft var haldið helgina eftir. Alls voru sýnd 82 hross víðsvegar af landinu en hrossið Hreinn úr Skagafirði vann til fyrstu verðlauna í hópi stóðhesta og Svala frá Núpi í Haukadal fékk fyrstu verðlaun í flokki hryssa.

- srs



HROSSIÐ HREINN Stóðhesturinn Hreinn úr Skagafirði vann til fyrstu verðlauna.

MYND/GUÐNI ÞÓRÐARSSON



VIÐ VÍKINGASKÁLANN Jón Páll segir sýninguna afar vinsæla, hún sé nær orðin hluti af námskrá grunnskólanna í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Þrjú hundruð þúsund hafa mætt á sýninguna

Yulia Kosarenko var þrjú hundruð þúsundasti gestur Landnámssýningarinnar í Aðalstræti. Jón Páll Björnsson sagnfræðingur segir að miðað við miklar vinsældir sýningarinnar megi búist við gesti númer fjögur hundruð þúsund strax árið 2017.

„Hér hefur verið opið frá 2006 og við skoðuðum okkar góðu upplýsingar til að vita hvað við höfum tekið á móti mörgum gestum. Þá komumst við að því að gestur númer þrjú hundruð þúsund kæmi fljótlega,“ segir Jón Páll Björnsson, sagnfræðingur og starfsmaður Landnámssýningarinnar við Aðalstræti.

Þrjú hundruð þúsundasti gesturinn kom á Landnámssýninguna við Aðalstræti síðastliðinn föstudag. Sýningin var opnuð í maí árið 2006 og eru þar til sýnis rústir landnámsskála frá 10. öld. Landnámssetrið er einn vinsælasti ferðamannastaður í Reykjavík í dag.

„Við ákváðum að nota þau tímamót og taka sérlega vel á móti þeim gesti. Gestur númer þrjú hundruð þúsund var reyndar móðir og það var öll sjö manna fjölskyldan sem í raun vann til þessarar viðurkenningar saman,“ segir hann.

Yulia Kosarenko, úkraínsk kona búsett í Kanada, var gestur númer þrjú hundruð þúsund. Hún var leyst út með blómvendi og gjöfum en meðal annars fékk hún að gjöf gestakort Reykjavíkur fyrir alla fjölskylduna.

„Sýningin sjálf skiptist í dag í tvo hluta. Þetta er annars vegar Landnámssýningin, sem er búin að vera hérna síðan 2006. Hún byggir á fornleifum sem fundust hérna í miðbæ Reykjavíkur, sem sagt rústir af víkingaskála. Meginmarkmið sýningarinnar er að gefa gestum mjög skýra og greinargóða mynd af lífinu á þessum tíma,“ segir Jón Páll.



ÁNÆGÐ FJÖLSKYLDA Yulia Kosarenko og fjölskylda hennar voru ánægð með glaðninginn.

MYND/BORGARSÖGUSAFN

„Síðan vorum við að bæta við einni aukasýningu til skamms tíma. Við fengum leyfi hjá Árnastofnun til að fá lánuð nokkur handrit. Þessi rit tengjast líka landnáminu en þarna eru mjög fræg rit eins og til dæmis Íslendingabók Ara frá 1130.“

Jón Páll segir að sýningin sé orðin gífurlega vinsæl meðal erlendra

ferðamanna og einnig meðal Íslendinga. Grunnskólanemar á Reykjavíkursvæðinu komi reglulega á sýninguna sem er nánast orðin hluti af námskrá yngstu bekkjanna. Hann segir að aðsóknin sé það góð að allt eins geti sýningin búist við að fá sinn fjögur hundruð þúsundasti gest strax árið 2017.

stefanrafn@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, stjúpaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

PÓR VIGNIR STEINGRÍMSSON
fv. yfirvélstjóri hjá Landhelgisgæslunni,
Hlíðarhúsum 3, áður Arahólum 2,
Reykjavík,



lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 12. júní. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 9. júlí kl. 15.00.

Krístín Þórsdóttir
Rannveig Þórsdóttir
Þorsteinn Ólafs
Ólafur Krístinn Ólafs

Lára Krístjánsdóttir
Soffía G. Jóhannesdóttir

Andri Már Bjarnason
Daníel Þór Valdimarsson, Rebekka Rún Hjartardóttir,
Þór Steinar Ólafs, Björg Magnea Ólafs, Krístján Már Ólafs,
Halldóra Sigurlaug Ólafs, Magnea Jónína Ólafs
og barnabarnabarn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

GUÐRÚN HULDA HELGADÓTTIR



lést að Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, 23. júní. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. júlí kl. 14. Þeir sem vilja minnst hennar vinsamlegast látið Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hornbrekku, Ólafsfirði, njóta þess.

Anna Halldórsdóttir
Bragi Halldórsón
Gunnar Halldórsón
Svanfríður Halldórsdóttir
Jón Halldórsón

Svanberg Þórðarson
Auðbjörg Eggertsdóttir
Sigurlaug A. Sigtryggsdóttir
Gunnar L. Jóhannsson
Guðlaug Skúladóttir

og fjölskyldur þeirra.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SÆTABRAUÐSDRENGIR

Sætabrauðsdrengirnir Gissur Páll Gissurarson, Bergþór Pálsson, Hlöðver Sigurðsson og Viðar Gunnarsson ásamt Halldóri Smárasyni, útsetjara og píanóleikara, fara nú um landið í tónleikaferð. Þeir verða í Patreksfjarðarkirkju annað kvöld kl. 20. Þeir flytja dægurlög á léttum nótum. Hægt er að kynna sér tónleikastaði á midi.is.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



ALLTAF AÐ TEIKNA

Birta byrjaði að teikna aftur nýlega eftir nokkurra ára hlé. Nú er hún alltaf með skissubókina sína með sér og teiknar það sem fyrir augu ber.

MYND/GVA

FLUGUR Á VEGG

FÆR TEIKNARI Þrátt fyrir að finnast flugur vera gróteskar sér Birta Ísólfsdóttir fegurðina sem býr í þeim. Hún teiknar myndir af bæði flugum og pöddum í alls kyns útgáfum sem koma fallega út sem veggskraut og stofustáss.

Birta Ísólfsdóttir, fatahönnuður og teiknari, tók fram skissubókina sína fyrir nokkru eftir að hún hafði fengið að liggja á hillunni í nokkur ár. Hún teiknar myndir af flugum og pöddum sem eiga hug hennar allan þessa stundina. „Ég var ekki búin að teikna í mörg ár en byrjaði að skissa aftur fyrir þremur til fjórum mánuðum. Það var svo gaman að ég hélt því áfram. Ég fann síðan mjög gamla útskýringabók um flugur og pöddur og ég heillaðist alveg af þeim, þetta eru svo ótrúleg dýr. Þannig að núna er ég búin að stúdera flugur fram og til baka,“ segir Birta og brosir.

Hún bætir við að hún sé aðeins byrjuð að reyna sig við að gera fuglamyndir. „Annars er ég alltaf með skissubókina á lofti og teikna það sem er fyrir framan mig. Ég var á listabraut þegar ég var í menntaskóla í FB og svo lærði ég fatahönnun í Listaháskólanum þar sem er mikið teiknað. Svo var ég alltaf að teikna sem barn þannig að þetta hefur alltaf blundað í mér.“

Aðspurð að því hvort fólk sé almennt hrifið af því að hafa skordýr uppi á vegg hjá sér segir Birta að það þurfi kannski að venjast. „Mér finnst flugur vera afskaplega áhugaverðar. Þær eru auðvitað gróteskar og mörgum finnst þær ógeðslegar. Þegar ég er búin að teikna þær verður hins vegar eitthvað fallegt til. Fólk þarf bara að komast yfir hræðsluna við þær, ég er sjálf ekki hrædd við pöddur en ég hef heyrt frá mörgum að þeir vilji ekki hafa pöddu upp á vegg en svo þarf það bara að sjá fegurðina í þeim,“ segir hún og skellir upp úr.

Birta segir stíllinn sinn vera mjög fjölbreyttan og að hún sé með hin ýmsu verk uppi um vegg í sínu heimili. „Ég er með alls konar verk inni hjá mér, gömul auglýsingaverk og mikið af grafíkverkum. Ég sé það núna þegar ég lít í kringum mig að ég þarf að fara að fá mér málverk,“ segir hún á léttu nótunum.

Hægt er að skoða myndir Birtu á Facebook.



PHILOMASTIS GLABER

Þessi mynd og aðrar hér á síðunni eru hluti af myndaseríu sem Birta kallar Exoskeleton.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is

Niifisk

COUPÉ
24.300 kr

Tilbod
BRAVO ANIMAL
35.200 kr
29.900 kr

POWER
46.900 kr

GM 80
118.800 kr

ELITE
82.600 kr

ELITE
73.800 kr

Tilbod
26.800 kr

19.900 kr

29.900 kr

2-in-1

FONIX Raftækjaverslun Hátúni 6a, 105 Reykjavík 552 4420 fonix@fonix.is www.fonix.is

FONIX

BÍLAR & FARARTÆKI



NÝ HJÓLHÝSI 2015
Niewiadow hjólhýsin hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært verð á nýjum hjólhýsum aðeins 2.490þ!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Erum með hjólhýsin á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is



bilfang.is
S. 567 2000

SPARJEPI
Suzuki Jimny JLX 06/2012 ek 45 þ.km beinskjapur Verð 2190 !!! Er á staðnum raðnr. 155699

Bílasalan Bífang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is



Kia cee'd GT. Ángerð 2014, ekinn 3 þ.km, bensín, 6 girar. Verð 3.990.000. Rnr.210613. 7 ára verksmiðjuábyrgð.



HONDA Accord. Ángerð 2013, ekinn 33 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.240481.

ASKJA notaðir bílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

CLASSICBILAR.IS



MINI ONE Árg 7/ 2013, ekinn 19 þ.km, bensín, 6 girar, Eins og nýr! TILBOÐSVERÐ 2.990þ Góðir lánamöguleikar 75-80% í allt að 7 ár Rnr.100795. Flottur Sparibaukur!

Classicbilar.is
Gilsbúð 3, 210 Garðabær
Sími: 517 9500
www.classicbilar.is




FORD Escape xlt choice 4wd. Ángerð 2004, ekinn 182 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 750.000. Rnr.991314.

ASKJA notaðir bílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

CLASSICBILAR.IS



Classicbilar.is
Gilsbúð 3, 210 Garðabær
Sími: 517 9500
www.classicbilar.is



BÍLA GALLERÍ



AUDI Q7 3.0 Tdi Dísel 7 manna. Árg 2012, Ekinn 44 þ.km, Sjálfsk. Leður, dr-kúla, Glerþak, ofl ofl. Verð 9.9 millj. Rnr.100316. Sími eftir lokun 663-2430.



LAND ROVER DISCOVERY SE Dísel 7 manna. Árg 2014, ekinn 34 þ.km, Sjálfsk, Leður, dr-kúla, Bakkmyndavél, ofl, ofl. Verð 13.5 millj. Rnr.100651. Sími 663-2430 eftir lokun.



MERCEDES-BENZ E 220 Dísel Avantgarde. Árg 2012, ekinn 75 þ.km, Sjálfskiptur, Sólúga, ofl. Glæsilegt eintak! Verð 5.990þ Rnr.100671.

Bílagallerí bílasala
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 554 6700
Hagstæð söluláun 1,2,9 %
www.bilagalleri.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



Rafmagnsjallareiðhjólín vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



MERCEDES-BENZ E 200 kompressor komp. Ángerð 2007, ekinn 112 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.991359.


ASKJA notaðir bílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



Hyundai Santa Fe 7/2007 ek 202 þus km - Dísel - Sjsk - Langkeystubíll - Skipt um tímareim í 186 þús - Ásett verð 1990 þús - Er á staðnum raðnr 220027

100 bílar ehf
í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Hiace 60-bensín og Bluetooth Nýjar bremsur, ný heilsársdekk, nýskoðaður. Topp eintak. Verð kr.1.900.000 Uppl. í s. 899 1860



TILBOÐ 395ÞÚS!
Skoda Octavia 2.0 árg. „03 ek. 170þús beinsk. sk. 2016 Tilboð 395þús Uppl. í s. 776 7507

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólhýsi



THULE OMNISTOR MARKÍSUR OG KRONINGS HJÓLHÝSAHREYFIR (MOVER)

Markísur til á lager - Verð
3m = 110þús
3,5m = 120þús
4m = 125þús
4,5m = 140þús

Kronings mover skoðið á kronings.com

Verð frá 179þús er til á lager

Einnig á 2ja hásinga hjólhýsi

Áhugasamir hafið samband við kriben@simnet.is eða s. 866 5395

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



Vinnuvélar



VINNUVÉLA OG VÖRUBÍLADEKK
Vorur að fá nýja sendingu af vinnuvéladekkjum. Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofi Ýmsar algengar Stærðir O.K.Varahlutir S: 6961050 oks pares@simnet.is

Bílaþjónusta



Malbiksviðgerðir - máln bílastæða - vélsöpun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

PÍPULAGNIR
Faglarðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

ÁRATUGA REYNSLA
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípuþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.
Öll almennt þríf, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

atvinna

VANTAR ÞIG STARFSMENN

svo sem smíði, múrara, málara eða hóteltarfrsmenn?

Höfum á skrá menn og konur sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar!

PROVENTUS
STARFSMAÐAÞJÓNUSTA

S. 782 8800
PROVENTUS.IS

fasteignir til leigu

TIL LEIGU

Kistumelar 16, Reykjavík

AÐEINS kr. 950 fm.
9 m lofthæð.

LUNDUR
FASTEIGNAÉLAG

Hringdu núna í síma 690 3031 eða 661 7000



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali

Finnbogi Hilmarrson
lögg. fasteignasali

Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi

Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali

Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð

Brynjólfur Snorrason
sölufulltrúi

Karen Sævarsdóttir
MBA markaðsfræði

Gunnlaugur A. Björnsson
sölufulltrúi

Hjálmar Már Kristinsson
sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárður Tryggvason
Eigandi
Sölufulltrúi
896 5221

Ingólfur Geir Gísson
Eigandi
Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356

Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali
Forstöðumaður
útibús Ólafsvík
897 0199

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Heimir Bergmann
Sölufulltrúi
630 9000



Pétur Steinar Jóhannsson
Sölufulltrúi
Snæfellsnes
893 4718



Garðar Kjartansson
Sölufulltrúi
853 9779



Ellert Róbertsson
Sölufulltrúi
893 4477



G. Andri Guðlaugsson
Lögræðingur
Sölufulltrúi
662 2705



www.valholl.is · www.nybyggingar.is

Rúmgóð íbúð í Vesturbæ

Fasteignasalan TORG kynnir: Mjög rúmgóð og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr á þessum eftirsóttastað í Vesturbænum. Um er að ræða íbúð sem er skráð 129,3 fm ásamt 24,5 fm bílskúr, samtals 153,8 fm. Allar nánari upplýsingar veitir Hafdís Rafnsdóttir sölustjóri, gsm: 820-2222, eða hafdis@fstorg.is.



Opið hús verður að Meistaravöllum 15 á morgun.

Húsið lítur vel út og var málað að utan og skipt um járn á þaki fyrir ca. 6 árum og einnig er búið að skipta um gler í stofu. Svefnherbergin eru 3, þvottahús er innan íbúðar og stofa rúmgóð. Komið er inn í rúmgott hol með parketi á gólfi og fatahengi. Eldhúsið er snyrtilegt með eldri innréttingu, ofninn er í vinnuhæð, stór gluggi og borðkrókur. Dúkur er á gólfi. Frá eldhúsi er gengið inn í rúmgott þvottahús með stórum glugga, flísum á gólfi og vaski. Inn af þvottahúsi er búr með hillum.

Stofan er mjög rúmgóð og er samliggjandi borðstofu. Mögulegt væri að loka borðstofu og útbúa fjórða svefnherbergið. Parket er á gólfi, stórir gluggar og útgengt er á góðar svalir frá stofunni.

Svefnherbergin eru 3 og öll á svefnherbergisgangi sem er breiður og góður. Parket er á gólfi á öllum herbergjum og fataskápar eru í 2 herbergjum. Baðherbergið er með flísum á veggjum og dúk á gólfi. Baðkar með sturtuádstöðu, skápar eru inn-

felldir og nýlegt salerni. Góður gluggi er á baðherberginu.

Eigninni fylgir sér geymsla í sameign með hillum og glugga. Bílskúrinn er skráður 24,5 fm, hann er úpphitaður og með köldu vatni.

Virkilega rúmgóð og vel skipulögð fjölskylduíbúð með bílskúr á frábærum stað í Vesturbænum þar sem örstutt er í alla þjónustu og íþróttaaðstöðu. OPIÐ HÚS: Á morgun, 7. júlí, kl. 17.30-18.00. Meistaravöllir 15. Verið velkomin.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Arnarhöfði 7 – 270 Mosfellsbæ

Mjög fallegt 189,7 m2 endaraðhús á tveimur hæðum með góðum bílskúr á fallegum stað við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er forstofa, forstofuherbergi, stofa, borðstofa, eldhús og baðherbergi m/sturtu. Á annari hæð er hol, sjónvarpshol, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi m/baðkari og þvottahús. Stórt hellulagt bílapan er fyrir framan húsið og afgirt timburvernd að bakatil. Verð 56,9 m.

Hamravík 22 - 112 Reykjavík

OPIÐ HÚS

OPIÐ HÚS Mánudaginn 6. Júlí frá kl. 17:00 – 18:00, íbúð 0201

Falleg og rúmgóð 124,3 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð við Hamravík 22 í Grafarvogi. Gott skipulag og fallegt útsýni. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á jarðhæð. Eignin er skráð 124,3 m2, þar af íbúð 116 m2 og geymsla 8,3 m2. V. 35,2 m.

Flesjakór 1 - 203 Kópavogi

Glæsilegt 263,8 m2 parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni við Flesjakór 1 í Kópavogi. Á jarðhæð er forstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, geymsla og bílskúr. Á efri hæðinni er stór stofa, borðstofa, glæsilegt eldhús, hjónaherbergi með sér baðherbergi og fataherbergi. Mikili útsýni er frá efri hæðinni til suðvesturs, yfir Bláfjöllin og út á sundin. Verð kr. 67,9 m.

Daggarvellir 6A - 221 Haf.

Laus strax

Falleg 109,1 m2, 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla er í sameign á hæðinni. V. 31,7 m.

Porláksgesli 3 – 113 Rvk.

Mjög rúmgóð og falleg 124,2 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi við Porláksgesla 3 í Grafarholti. Eigninni fylgir bílastæði í lokuðum bílakjallara. Íbúðin skiptist í þrjú rúmgóð svefnherbergi, forstofu, hol, baðherbergi með baðkari og sturtulefa, þvottahús, geymslu, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir einnig sérgeymsla á jarðhæð. Verð kr. 35,9 m.

Stórikriki 35 - 270 Mos.

200 m2 einbýlishús á einni hæð í byggingu á fallegri jaðarlöð. Húsið er afhent fullbúið án gólfefna, þó eru votrími flísalögð í nóvember 2015 - bílapan hellulagt með hitalögn. Eignin skiptist í: Forstofu með fataskápum, þrjú svefnherbergi með fataskápum, sjónvarpshol, stofu og borðstofu í opnu rými, opið rúmgott eldhús með fallegri innréttingu, þvottahús og tvö baðherbergi. Bæði baðherbergi eru með sturtu. V. 62,9 m.

Einsteigur 1 - 270 Mosfellsbær

Fallegt og vel skipulagt 180,1 m2, 5 herbergja einbýlishús með góðum bílskúri í rólegu og grónu hverfi í Mosfellsbæ. Stórt steipt bílapan og gróinn garður með stórrí timburvernd í suður. Góð staðsetning. Stutt í skóla og leikskóla. V. 49,9 m.

Laxatunga 161 - 270 Mosfellsbær

Laus strax

Nýtt og glæsilegt 234,6 m2 einbýlishús á einni hæð við Laxatungu 161 í Mosfellsbæ. Húsið er fullklárað að innan sem utan og lóðin grórfjöfnuð. Allur frágangur hússins er til fyrirmyndar. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, forstofu, sjónvarpskrók, stofu, borðstofu, eldhús, bílskúr og geymslu. V. 56,9 m.

Hrafnhólar 6 - 111 Reykjavík

127,2 m2, 5 herbergja endaíbúð með glæsilegu útsýni á 6. hæð í lyftuhúsi ásamt 26,1 m2 bílskúr við Hrafnhóla 6 í Reykjavík. Húsið hefur fengið gott viðhald og er búið að klæða það að utan og skipta um glugga og gler. Yfirbyggðar svalir. V. 33,8 m.

Njálsgata 37 - 101 Reykjavík

Fallegt 183,3 m2 einbýlishús sem er tvær hæðir + kjallari við Njálsgötu 37 í Reykjavík. Sér garður og bílastæði. Eignin er skráð 183,3 m2, þar af íbúð á hæð 62,3 m2, ris 58,7 m2 og kjallari 62,3 m2. V. 59,0 m.

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Naustavör 2 – 8 Kópavogi. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.



Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 83,1 fm. upp í 140,7 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum. Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gyfa og Gunnars.

Langalína 28- 32, Sjálandi Garðabæ. Nýjar 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir.



Sérlega glæsilegt 3ja hæða áklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ.

Íbúðirnar eru frá 105 -188 fermetrar og verða afhentar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar verða ýmist með tvennum svölum eða stórum timburveröndum og svölum.

Stæði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum.

Klapparás. Frábær staðsetning.



Mjög gott 338,6 fm einbýlishús á fjórum pöllum með innbyggðum bílskúr í lokuðum botnlanga á frábærum stað neðst við Elliðaárdalinn í Árbænum.

Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð. Arinn í stofu. Stutt er í alla útivist, sundlaug og alla þjónustu. Skjólgóður trjá garður, tvær verandir til suðausturs og suðvesturs og svalir til vesturs.

Gangstéttar á lóð allar endurnýjaðar. Lítil umferð um götuna og mjög skjólgott.

Verð 69,0 millj.

Krókamýri - Garðabæ.



Mjög fallegt og bjart 106,3 fm. parhús á tveimur hæðum á mjög góðum stað í Garðabæ. Húsið að utan og þak eru nýlega máluð. Að innan er húsið í mjög góðu ástandi. Stofa með gluggum í suður og vestur. Fjögur herbergi. Mögulegt væri að byggja bílskúr á lóðinni. Lóð með tyrfdum flötum og viðarverönd. Staðsetning eignarinnar er mjög góð og stutt er í skóla, íþróttasvæði og aðra þjónustu.

Verð 44,9 millj.

Bergstaðastræti.



Glæsileg 181,9 fm. 8 herbergja hæð og kjallari á þessum vinsæla og eftirsóttu stað við Bergstaðastræti. Húsið er bárujárnsklætt timburhús og var flutt árið 1980 á nýsteyptan kjallara. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð undanfarnin ár m.a. eldhús. Allar lagnir hússins voru endurnýjaðar 1980. Hús var málað að utan 2013. Möguleiki er að hafa séríbúð í kjallara en þar er séringgangur. Rúmgóðar vestur svalir út úr eldhúsi. Gróinn falllegur garður sem er afgirtur.

Verð 64,9 millj.

Súlunes – Garðabæ.



Mjög fallegt og vandað 291,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 64,0 fm. tvöföldum bílskúr á 1.469,0 fm. eignarlóð á Arnarnesinu í Garðabæ. Húsið, sem hefur verið mjög vel viðhaldið og nokkuð endurnýjað í gegnum árin er í góðu ástandi að innan sem utan. Hjónasvíta með sér baðherbergi. Alrými sem í eru parketlögð setustofa og arinstofa með fallegum arni. Mjög mikil lofthæð í stofum og fallegt útsýni til sjávar. Úr stofum er útgengi á svalir til suðausturs. Lóðin er fullfrágengin og ræktuð með stórum og skjólsælum veröndum.

Verð 89,9 millj.

Skútahraun – Hafnarfirði.



Atvinnuhúsnæði með traustum langtímaleigum-samningi.

1.058,4 fm. iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum við Skútahraun 2 í Hafnarfirði. Í framhúsi eru skrifstofur m.m. á efri hæð og á neðri hæð eru tækjasalir m.m. í bakhúsi er iðnaðarpláss með þrennum innkeyrsludryrum. Lóðin er 10.251 fm. að stærð, frágengin að hluta með malbikuðum rampi austan við húsið og malbikuðu plani fyrir framan iðnaðarpláss á jarðhæð. Húseignin er með traustum leigusamningi. Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

Suðurlandsbraut – skrifstofuhúsnæði.



Til leigu 151,7 fm. skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum, 3. hæð og ris, að Suðurlandsbraut 46. Afar góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Neðri hæðin skiptist í 4 skrifstofur og móttöku/opið rými, samtals um 88 fermetrar. Hringstigi milli hæða. Efri hæðin/ris er opið rými/fundaraðstaða með kaffiáðstöðu. Snyrting er sameiginleg á gangi.

Eignin er laus til afhendingar frá 01.07.2015. Leigutími er umsemjanlegur.

EIGNARLÓÐIR VIÐ PINGVALLAVATN



7.400 fermetra eignarlóðir niður við Pingvallavatn

Höfum fengið til sölu meðferðar tvær 7.400 fm. samliggjandi vatnslóðir á einstökum stað alveg niður við Pingvallavatn í landi Villingavatns, samtals 1,48 hektarar að stærð.

Skv. nýju deiliskipulagi má byggja allt að 223ja fermetra hús á hvorri lóð, þar af allt að 40 fermetra bílskúr/bátaskýli. Frá lóðunum nýtur óhindraðs útsýnis yfir Pingvallavatn og til fjalla.

SUMARHÚS



Sumarhús í landi Snæfoksstaða í Vaðnesi, Grímsneshreppi

Mjög fallegur og einstaklega vandaður 99,8 fm. finnskur bjálkabústaður í landi Snæfoksstaða í Vaðnesi, Grímsneshreppi. Aðeins um 45 mínútna akstur úr Reykjavík. Húsið var allt tekið í gegn í sumarið 2014. Lóðin er 1,15 ha. að stærð og á henni stendur lítið gestahús með snyrtingu. Stór sólpallur með heitum potti og útisturtu. Góð geymsla þar sem lagt er fyrir þvottavél.

Verð 39,9 millj.

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölupóknun.

SÉRBÝLI



SUÐURGATA 29.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsilegt 195,2 fm. 6 herbergja einbýlishús við Suðurgötu. Húsið, sem er kjallari, hæð og ris, stendur á mjög fallegri, gróinni og nýlega endurnýjaðri 385,0 fm. eignarlóð með sérbilastæði. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað að innan, m.a. eldhúsinnréttingar og tækí, baðherbergi og lagnir að mestu leyti. **77,5 millj.**

3JA HERBERGJA



NJÁLSGATA 84.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg 84,5 fm. íbúð á 2. hæð með suðursvolum í mjög góðu og nýlega viðgerðu og máluðu þrjúherbergja húsi. Íbúðin er öll endurnýjuð hið innra, m.a. innrétting í eldhúsi, gólfefni og baðherbergi. Skjólseðlar svalir til suðurs. Húsið er í mjög góðu ástandi að utan, nýviðgert og málað. Nýlega byggt ofan á húsið. **34,9 millj.**

2JA HERBERGJA



BÓLSTAÐARHLÍÐ 68. 2JA HERBERGJA ÍBÚÐ.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

Búdrýgindabráðurnir segja flug- og tónlistarbransann ekki svo ólíka. „Í báðum tilvikum er um að ræða fólk með mikla ástríðu fyrir því sem það er að gera og sem er tilbúið að selja sálu sína til að fá stóra tækifærið og það hefur marganna sig í bæði tónlistinni og fluginu að ef þú virkilega ætlar þér hlutina þá munu þeir gerast þótt það geti auðvitað



ÁKVEÐINN Magnús Ágústsson var einnig duglegur að fara með föður sínum í flugferðir og varð strax staðráðinn í að verða flugmaður.

tekið mislangan tíma hjá fólki,“ segir Axel.

Þó svo að hljómsveitinni Búdrýgindi hafi lítið komið fram á undanförunum árum þá hefur hún aldrei hætt. „Við hættum aldrei offisjallí og við erum ennþá allir bestu vinir og erum duglegir að hittast en ekki nógu duglegir að spila. Axel og Viktor eru reyndar alltaf í hljómsveitinni Hjaltalín en það nær ekki að svara pönkþorstanum svo það er aldrei að vita hvort við gerum eitthvað meira í framtíðinni,“ útskýrir Maggi. Axel bætir við: „Við munum að öllum líkindum spila saman á tónleikum í ágúst sem verða kynntir síðar. Eina vitnið væri auðvitað að fara tónleikaferð í kringum landið á flugvélum. Kannski að RÚV vilji gera þátt um það sem myndi fjalla um „has-been“ unglíngahljómsveitina Búdrýgindi sem er að reyna að koma sér aftur á framfæri með því að spila á flugvöllum í bæjarfélögum á Íslandi. Gæti heitið „Búni 1“. Við vorum eiginlega aldrei nógu kærulausir til að geta orðið alvöru rokkstjórnur,“ segir Axel og hlær.



ROKKARAR Hljómsveitin Búdrýgindi var vinsæl á sínum tíma. Hún vann Músíktílaunir 2002.

MYND/ANTON BRINK



Make it matter.



Margur er knár þótt hann sé smár.

HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.
Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á www.ok.is/elitebook/

*Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/ella öðrum löndum.



OPIN KERFI

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

NÝTT VERKEFNI - NÝ ÖRLÖB

TERMINATOR

ted2 INSIDE OUT ALBATROSS

JURASSIC WORLD SPY HRÚTAR

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is

POWERSÝNING KL. 10:30

TERMINATOR ted2 JURASSIC WORLD INSIDE OUT HRÚTAR

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

TERMINATOR GENISYS	5, 8, 10:30(P)
TED 2	8, 10:20
JURASSIC WORLD 2D	8, 10:35
INSIDE OUT 2D - ISL TAL	5
HRÚTAR	4, 6

SAMBIÓLIN SAMbio.is

Arnold Swarzenegger er mættur í hörðustu stórmýnd sumarsins.

FRÁ PEIM SÓMU OG FÆRÐU OKKUR

INSIDE OUT

ted2

TERMINATOR

entourage

JURASSIC WORLD

SAN ANDREAS

TERMINATOR 3D EGILSHÖLL

TERMINATOR 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
TERMINATOR 2D VIP	kl. 5:20 - 8 - 10:40
INSIDE OUT ISL TAL 2D	kl. 5:50
ENTOURAGE	kl. 5:30 - 8 - 10:40
JURASSIC WORLD 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
SAN ANDREAS 2D	kl. 8 - 10:30
TOMORROWLAND	kl. 5:20
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 8 - 10:40

TERMINATOR 3D KEFLAVÍK

TERMINATOR 3D	kl. 8 - 10:40
TED 2	kl. 8 - 10:30

TERMINATOR 3D AKUREYRI

TERMINATOR 3D	kl. 8 - 10:40
INSIDE OUT ISL TAL 3D	kl. 5:45
INSIDE OUT EXIST TAL 2D	kl. 5:45
ENTOURAGE	kl. 8
SAN ANDREAS 2D	kl. 10:40



FRÁBÆR FYRIRMYND Dunham hefur getið sér gott orð í bransanum, enda hábeitt og stórsmíðug.

Lena með Obama í læri

Girls-skvísan Lena Dunham er heldur betur komin í ábyrgðarfulla stöðu ef marka má slúðurbliðin vestanhafs. Er því haldið farm að Dunham sé nú orðin yfirmaður Malíu Obama, sem er dóttir sjálfs Bandaríkjaforseta. Sátt Malía á setti við tókur þáttanna á dögnum. Nýlega sagði hún frá því á samfélagsmiðlum að hún væri mikill aðdáandi þáttanna. Þá var einnig haft eftir henni að hún gæti vel hugsað sér að sjá sér farborða með því að vinna í kvikmyndabransanum. Virðist sem því hafi verið kipt í liðinn og nú er hún að öllum líkindum farin að starfa með aðalfólkinu í bransanum.



VEIT HVAD HÚN SYNGUR Swift grillaði og glensaði alla helgina með vinum.

Taylor hélt aðalveisluna

Söngfuglinn Taylor Swift fagnaði þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna, 4. júlí, með sannkölluðum stæl og er umtalað að þarna hafi verið á ferðinni aðalpartíið af þeim öllum sem stóðu yfir heila helgi.

Var öllu til tjaldað en Swift hélt veisluna ásamt nýja kærastanum, Calvin Harris. Er mál manna að vart hafi verið þverfótad fyrir nafntogudum einstaklingum og þá aðallega þeim allra heitustu í bransanum um þessar mundir, svo sem módelinu Gigi Hadid, Martha Hunt, Ed Sheeran og fleirum.

Var herlegheitunum varpað samviskusamlega á Instagram-síður stjarnanna, og birti kærastinn meðal annars mynd af skvísunni við grillið, með yfirskriftinni „Hún kann sko líka að elda“, yfir sig ánægður.

Rífasti stemning í flugskýli

ATP-tónlistarhátíðin þótti takast býsna vel. Trommari Public Enemy sagðist aldrei hafa fengið betri viðtökur.

Tónlistarveislan ATP, All Tomorrow's Parties 2015, fór fram um helgina á Ásbrú í Reykjanesbæ. Er þetta í þriðja skiptið sem hátíðin er haldin hér á landi, en hún hefur verið haldin víða um heim síðan árið 1999 og er brekka að upplagi. Var stemningin rífasti góð meðal gesta enda sýndu stórstjórnur á borð við Public Enemy, Iggy Pop, Belle And Sebastian, Ham og fleiri listir sínar. Þótti tónleikahald fara býsna vel fram.

Höfðu menn á orði að einhverjir bestu rapptónleikar sem haldnir hafa verið á skerinu okkar, hafi farið fram í flugskýlinu á fimmtudagskvöldið þegar hljómsveitin Public Enemy steig á svið og gerði allt vitlaust með liflegri framkomu og hárbeygtri ádeilu á samfélagið en hljómsveitar meðlimir eru til dæmis miklir hernaðarandstæðingar. Sagðist trommari sveitarinnar, Flavor Flav, bændi aldrei hafa fengið jafn brjálæðislega góðar viðtökur eða fagnaðarlæti og það uppskar að loknum tónleikumum á fimmtudag.

→ Um fimm þúsund manns mættu á hátíðina í ár. Talið er að helmingur gesta sé erlendur og komi sérstaklega til landsins vegna hátíðarinnar.



STEMNING Gestir hátíðarinnar voru ánægðir með hana. Veðrið var einnig nokkuð samvinnuþýtt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



FALLEGT Belle and Sebastian á stóran aðdáendahóp hér á landi og kunnu Íslendingarnir vel að meta frammistöðuna.



Í FULLU FJÖRI Gamla brýnið Iggy Pop tryllti lýðinn, líkt og hans er von og vísa. Ber að ofan að vanda.



PUBLIC ENEMY Hópurinn þótti standa upp úr að mati margra sem sóttu hátíðina.



orkan.is/sumarleikur

Keyrum á afslætti í sumar!



-13kr. í 2 vikur

á Orkunni og Shell

1.000.000

Vinningar að verðmæti milljón krónur



Pátttakendur eiga möguleika á ríflegum endurgreiðslum í formi inneignarkorta, samtals að verðmæti 1.000.000 kr.

Þeim mun víðar um landið sem þú tekur eldsneyti þeim mun hærra inneign getur þú unnið.

Skipting vinninga: 5 x 100.000 kr. | 5 x 50.000 kr. | 13 x 20.000 kr.



Skráðu **2 vikna tímabil** í sumar á **orkan.is** og fáðu **13 kr. afslátt** á Orkunni og Shell allan þann tíma með kortum og lyklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Skráning og nánari upplýsingar á www.orkan.is

Orkulykillinn – *hagkvæmasti ferðafélaginn*



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRÍ!

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

Hannes á leið til Hollands

FÓTBOLTI Landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson er að öllum líkindum á leið til hollenska liðsins NEC Nijmegen frá Sandnes Ulf í Noregi.

„Ég get staðfest að félagin hafa komist að samkomulagi. Það er ekki búið að ganga formlega frá þessu en það stýttist í það,“ sagði Hannes í samtali við Fréttablaðið í gær. Sandnes Ulf á leik gegn Hönefoss í dag en Hannes gerir ráð fyrir að það verði síðasti leikur hans með liðinu:

„Að öllu óbreyttu flýg ég til Hollands eftir leikinn og geng frá þessu,“ sagði Hannes en að hans sögn er um tveggja ára samning að ræða. Nijmegen er nýliði í hollensku úrvalsdeildinni en hjá liðinu hittir Hannes fyrir annan Ís-land; FH-inginn Kristján Gauta Emilsson.

Í gær skrifaði annar landsliðsmaður, Eiður Smári Guðjohnsen, formlega undir samning við kínverska úrvalsdeildarliðið Shijiahuang Ever Bright.

- íps



KR, Valur og ÍBV komin í undanúrslit bikarkeppninnar



KOMNIR ÁFRAM Það gengur vel hjá Valsmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

FÓTBOLTI Gary Martin tryggði KR 2-1 sigur á FH í stórleik 8-liða úrslita Borgunarbikars karla í gær. Þetta er í þriðja sinn á síðustu fimm árum sem KR slær FH út úr bikarkeppninni.

Óskar Örn Hauksson kom KR yfir á 15. mínútu en Kassim Doumbia jafnaði metin tveimur mínútum síðar. Martin skoraði svo sigurmarkið á 61. mínútu.

Valsmenn eru komnir áfram í undanúrslitin eftir 1-2 sigur á Víkingi. Iain Williamson skoraði sigurmark Vals tíu mínútum fyrir leikslok.

Þá vann ÍBV öruggan 4-0 sigur á andlausu liði Fylkis á Hásteinsvelli á laugardaginn. Bjarni Gunnarsson skoraði tvö mörk fyrir ÍBV og Ian Jeffs og Aron Bjarnason sitt markið hvor. Átta-liða úrslitunum lýkur svo með leik KA og Fjölnis á Akureyrarvelli í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 18.00.

- íps



GAMAN Spánn hefur þrisvar unnið EM U-17 ára landsliða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Spánn Evrópumeistari

FÓTBOLTI Spánn varð um helgina Evrópumeistari U-17 ára landsliða eftir 5-2 sigur á Sviss í úrslitaleik á Vodafone-vellinum. Þetta er þriðji Evrópumeistararitill Spánverja í þessum aldursflokki en þeir unnu einnig árin 2010 og 2011.

Ísland var með Spáni í riðla-keppninni og mátti sætta sig við 2-0 tap. Íslenska liðið tapaði öllum sínum leikjum á EM með markatölunni 1-10.

- íps



HETJAN Sánchez skoraði úr síðustu spyrnu Síle.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Svalur Sánchez hetja Síle

FÓTBOLTI Nær aldarlangri bið Síle eftir sigri í Suður-Ameríku-keppninni lauk á laugardagskvöldið þegar Síle-menn unnu Argentínu í úrslitaleik eftir víta-spyrnukeppni.

Staðan var markalaus eftir venjulegan leiktíma og framlengingu en Sílemenn reyndust sterkari á svellinu í vítakeppninni. Þeir skorðu úr öllum fjórum spyrnum sínum en Lionel Messi var sá eini sem skoraði fyrir Argentínu.

Varamennirnir Gonzalo Higuaín og Éver Banega klúðruðu sínum spyrnum; Higuaín skaut hátt yfir og Claudio Bravo varði frá Banega. Alexis Sánchez tryggði Síle svo sigurinn þegar hann vippaði boltanum á mitt markið úr fjórðu og síðustu spyrnu Sílemana.

- íps

Saman í 45 daga í sumar

Íslenska U-19 ára landsliðið gerði sér lítið fyrir og vann opna Evrópumótið í handbolta í síðustu viku. Evrópumótið er þó aðeins undirbúningur fyrir HM sem fer fram í Rússlandi í næsta mánuði.

HANDBOLTI Landslið Íslands skipað leikmönnum 19 ára og yngri náði á föstudaginn þeim frábæra árangri að vinna opna Evrópumeistarar-mótið í handbolta sem fór fram í Gautaborg. Íslensku strákarnir unnu tveggja marka sigur, 31-29, á Svíum í úrslitaleiknum fyrir fram- an 6.000 áhorfendur, þar af nokkur hundruð Íslendinga sem flestir voru staddir á Partille Cup en EM er haldið í kringum það mót.

„Það heyrðist mjög vel í Íslendingunum og við fengum frábæran stuðning,“ sagði Einar Guðmundsson í samtali við Fréttablaðið í gær en hann þjálfar liðið ásamt Sigursteini Arndal.

Ísland vann alla sjö leiki sína á EM og Einar var ánægður með taktinn í íslenska liðinu á mótinu: „Það var mjög góður stífgandi í okkar leik og við spiluðum betur með hverjum leiknum,“ sagði Einar en tveir leikmenn Íslands voru valdir í úrvalslíð mótisins; hornamaðurinn Hákon Daði Styrmisson úr ÍBV og Frammarinn Arnar Freyr Arnarsson.

Afa eins og félagslið

Íslenska liðið er skipað leikmönnum sem eru fæddir á árunum 1996-97 en þessi árgangur þykir mjög sterkur. Einar segir að íslenska liðið hafi æft mikið í sumar og nánast eins og félagslið.

„Við höfum æft vel og erum saman í 45 daga í sumar,“ sagði Einar en íslenska liðið fór í æfingiferð til Katar fyrir EM og lék þar tvo leiki við heimamenn sem báðir unnust. Stóra prófið er samt eftir hjá íslensku strákunum en í næsta mánuði fara þeir til Rússlands á HM U-19 ára landsliða. Sextán lið taka þátt á HM en keppt er í fjór-



SNJALL Ómar Ingi Magnússon er einn af lykilmönnum íslenska liðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

um sex liða riðlum. Ísland er í riðli með Spáni (sem íslensku strákarnir unnu á EM), Noregi, Þýskalandi, Egyptalandi og Venesúela. Fjögur lið fara áfram úr hverjum riðli og í 16-liða úrslitin. Einar segir fyrsta markmiðið að komast upp úr riðlinum.

„Við vorum í fimmta styrkleika-flokki þegar það var dregið og við þurfum því að fara fram úr einhverjum. Þetta er rosalega jafnt og liðin eru mörg hver áþekkt að getu. Það verða fjórir hörkuleikir í þessum riðli,“ sagði Einar sem gerir ráð fyrir að Venesúela sé með slakasta liðið í riðlinum.

Einar hrósar dugnaðinum sem íslensku strákarnir hafa sýnt í

sumar, bæði á æfingum og í leikjum: „Ég er fyrst og fremst ánægður með liðsheildina, agann og vinnusemina sem þessir drengir hafa sýnt. Þetta er einstakur hópur hvað það varðar.“

Fjórir tveggja metra menn

Íslenski hópurinn, skipaður leikmönnum fæddum 1996 og 1997, er líka einstakur að því leyti að hann er hávaxinn, en skortur á sentimetrum hefur oft háð íslenskum landsliðum:

„Það er góð hæð í liðinu og við erum með fjóra tveggja metra stráka og einn sem er 1,95 m á hæð, þannig að við getum stillt upp mjög hávaxinni vörn,“ sagði Einar

en íslenska liðið spilar bæði 5-1 og 6-0 vörn. „HSÍ hefur unnið markvisst í því að leita að hávöxnum strákum. Það þýðir ekkert annað. Öll liðin eru með nokkra menn upp á tvo metra,“ bætti Einar við.

Leikmenn íslenska liðsins eru misþekktir en þrátt fyrir ungan aldur eru flestir þeirra byrjaðir að spila reglulega með meistara-flokki.

„Núna eru þeir að komast á þann aldur að það skiptir miklu máli að þeir fái tækifæri og þeim sé treyst. Íslendingar hafa verið þekktir fyrir það að gefa mönnum tækifæri snemma og það verður að vera þannig,“ sagði Einar að lokum.

ingvithor@365.is

Landsliðsfyrirliðinn fer á kunnuglegar slóðir

Íslenska körfuboltalandsliðið verður í riðli með Slóvakíu, Ungverjalandi og Portúgal í undankeppni EM.

KÖRFUBOLTI Á laugardaginn var dregið í riðla fyrir undankeppni Evrópumóts kvenna í körfubolta 2017 sem fer fram í Tékklandi. Íslenska liðið var í neðsta styrkleikaflokki og dróst í riðil með Slóvakíu, Ungverjalandi og Portúgal.

Landsliðsfyrirliðanum Helenu Sverrisdóttur varð því að ósk sinni en hún vonaðist eftir því að fá Slóvakíu og Ungverjaland: „Þetta var ekki leiðinlegt enda hef ég spilað í báðum þessum löndum,“ sagði Helena í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún þekkir vel til þessara landsliða.

„Ég spilaði með nánast öllum í slóvakíska liðinu og báðir þjálfarar þess þjálfuðu mig þannig að ég þekki þær mjög vel. Og svo á ég tvær mjög góðar vinkonur í ungverska liðinu sem ég spilaði reyndar með í Slóvakíu,“ bætti Helena við en hún lék með Good Angels Kosice í Slóvakíu og Mickolc í Ungverjalandi.

Helena segir íslenska liðið geta verið nokkuð sáttt við dráttinn: „Þetta hefði klárlega getað verið

verra og þetta er mjög fín dráttur. Þessi lið eru ekki með risastórar stelpur, kannski eina og eina, svo þær ættu ekki að hafa algjöra yfirburði gegn okkur í teignum. En við vitum að þetta verður alltaf erfitt, sérstaklega þar sem við missum þrjá sterka leikmenn úr liðinu okkar.“

Þessir þrír leikmenn sem um ræðir eru Margrét Rósa Hálfðanardóttir, Sara Rún Hinriksdóttir og Hildur Björg Kjartansdóttir sem leika allar í háskólaboltanum í Bandaríkjunum. Leikir Íslands í riðlinum eru allir á meðan keppnistímabilið vestanhafs stendur yfir og því er ólíklegt að leikmennirnir fái st lausir í landsleikina.

Ísland leikur sex leiki í undankeppninni; tvisvar við hvert lið, heima og að heiman. Fyrstu tveir leikirnir fara fram 21. og 25. nóvember en þá mætir Ísland Ungverjalandi á útivelli og Slóvakíu á heimavelli.

Efst liðið úr hverjum riðli (sem eru níu talsins) í undankeppninni kemst í lokakeppnina í Tékklandi,

auk þeirra sex liða sem eru með bestan árangur í öðru sæti riðlanna.

Helena segir að íslenska liðið sé með raunhæfar væntingar fyrir undankeppnina: „Það er langt síðan við tókum þátt síðast og við verðum ekki alveg með okkar sterkasta lið þannig að þetta verður erfitt. Við ættum að eiga séns í Portúgal og svo verðum við bara að sjá hvað við getum gert á móti þessum stærri þjóðum.“

Íslenska liðið heldur út til Danmerkur á morgun þar sem það tekur þátt í æfingamóti. Ísland spilar þrjá leiki, tvo gegn Danmörku og einn gegn Finnlandi. Helena segir gott að fá þessa æfingaleiki svona skömmu eftir Smáþjóðaleikana þar sem íslensku stelpurnar silfurverðlaun eftir tap fyrir Lúxemborg í úrslitaleik.

„Það verður gott að fá svona stóra leiki á móti góðum þjóðum, það er partur af undirbúningnum fyrir undankeppni EM,“ sagði Helena að endingu.

- íps



FORNAR SLÓÐIR Helena lék í Slóvakíu og Ungverjalandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

HÁSKERPU 4K OFURUPPLAUSN

Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrikerfinu



- Glæsileg rammalaus hönnun
- Ultra HD – 4K ofur háskerpuupplausn 3840x2160
- Pixel Precise Ultra HD myndvinnsla með quad core örgjörva
- Alvöru myndgæði með 600Hz PMR Ultra, Perfect Natural Motion og Micro Dimming Pro
- Ambilight baklýsing, eykur upplifun til muna
- Android stýrikerfi, nýr heimur leikja, kvikmynda og afþreyingar, til dæmis sjónvarp Símans og Google Play Movies beint í tækið
- Twin tuner – hægt að horfa á eina stöð og taka upp aðra á sama tíma
- Snjöll fjarstýring – Vönduð fjarstýring með músabendli, lyklaborði og hægt að tala við tækið!
- Endalausir möguleikar með Cloud TV, Simplyshare, Multiroom server, Dropbox og Miracast
- Hægt er að horfa á 3D myndir – 4 gleraugu fylgja!



með Android

ULTRA
RESOLUTION

PixelPrecise
ULTRA HD

Twin Tuner

2xDVB-T2
2xDVB-C
2xDVB-S2



QuadCore

600Hz
PMR ULTRA

49" Philips 49PUS7909

TILBOÐ

179.995

VERÐ ÁÐUR 229.995

55" Philips 55PUS7909

TILBOÐ

249.995

VERÐ ÁÐUR 349.995

PHILIPS



Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

DAGSKRÁ



20:00

FEDGAR Á FERÐ

Skemmtilegir þættir þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki sem á það sameiginlegt að hafa einstaklega jákvæða syn á lífið.

SKEMMTILEGUR MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:25

FRESH OFF THE BOAT

Gamanþættir um tævanska fjölskyldu sem flytur til Ameríku á tíunda áratugnum og freistar þess að fá að upplifa ameríska drauminn.



21:30

ORANGE IS THE NEW BLACK

Þriðja þáttaröðin um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi mörgum árum fyrr.



ÖLL ÞÁTTARÖÐIN Á STÖÐ 2 FRELSI

22:30

TRUE DETECTIVE

Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum þar sem hópur reyndra lögreglumanna fær á borð til sín erfið og hrottalega mál til rannsóknar.



22:00

THE HANGOVER 3

Stórskemmtileg gamanmynd með Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms í aðalhlutverkum.



21:40

STRIKE BACK

Þáttaröð sem byggð er á samnefndri sögu eftir fyrrum sérsveitarmann í breska hernum.



19:00

STÚART LITLI

Stórskemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um einstöku músina Stúart sem Little-fjölskyldan tekur í fóstur.



STÖÐ 2

07:00 Barnatími Stöðvar 2
08:00 The Middle
08:25 Selfie
08:50 2 Broke Girls
09:15 Bold and the Beautiful
09:35 Doctors
10:20 Lífsstíll
10:45 Fókus
11:10 Á uppleið
11:50 Harry's Law
12:35 Nágrannar
13:00 X-factor UK
14:15 X-factor UK
15:05 Hart of Dixie
15:50 ET Weekend
16:30 Villingarnir
16:50 Marry Me
17:15 Bold and the Beautiful
17:40 Nágrannar
18:05 The Simpsons
18:30 Fréttir Stöðvar 2
18:47 Íþróttir
18:55 Modern Family
19:15 Mike & Molly
19:35 The New Girl
20:00 Feðgar á ferð
20:25 Fresh Off the Boat
20:45 Suits
21:30 Orange is the New Black
22:30 True Detective
23:30 Daily Show: Global Edition
23:55 Last Week Tonight With John Oliver
00:30 White Collar
01:10 Empire
02:00 The Brink
02:30 Ballers
03:00 Murder in the First
03:45 Louie
04:05 The Cold Light of Day
05:40 Feðgar á ferð
06:05 Fréttir

SPORT

07:00 KR - FH
09:05 Formúla 1 2015 - Bretland
14:35 Liverpool - Real Madrid
16:15 Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson
17:10 Orkumótið í Eyjum
17:50 Formúla 1 2015 - Bretland
20:10 KR - FH
23:00 KR - FH

SPORT 2

13:20 Man. Utd. - Everton
15:05 Premier League World
15:35 Keflavík - Stjarnan
19:00 Goðsagnir - Ingi Björn
20:10 KR - FH
22:00 Borgunarmörkin 2015
23:00 Arsenal - Newcastle

Golfstöðin

08:00 PGA Tour 2015
13:00 PGA Tour 2015
18:00 PGA Tour 2015 - Highlights
18:55 PGA Tour 2015

INN

20:00 Frumkvöðlar
20:30 Græðlingur
21:00 Íslands Safari
21:30 Siggí Stormur
Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

STÖÐ 3

16:50 The World's Strictest Parents
17:50 One Born Every Minute
18:40 Suburgatory
19:00 The Amazing Race
19:50 Wilfred
20:10 Drop Dead Diva
20:55 No Ordinary Family
21:40 Strike Back
22:30 Mental
23:10 Justified
23:55 The Amazing Race
00:45 Wilfred
01:05 Drop Dead Diva
01:50 No Ordinary Family
02:35 Strike Back
03:20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07:00 Ofurhundurinn Krypto 07:22 Ævintýri Tinna 07:47 Ævintýraferðin 08:00 Lukku-Láki 08:25 Latibær 08:47 Elías 09:00 Könnuðurinn Dóra 09:24 Mörgæsinar frá Madagaskar 09:45 Doddi litli og Eyrnastór 09:55 Sumardalsmyllan 10:00 Áfram Diego, áfram! 10:24 Svampur Sveinsson 10:49 Tommi og Jenni 10:55 UKI 11:00 Ofurhundurinn Krypto 11:22 Ævintýri Tinna 11:47 Ævintýraferðin 12:00 Lukku-Láki 12:25 Latibær 12:49 Elías 13:00 Könnuðurinn Dóra 13:24 Mörgæsinar frá Madagaskar 13:45 Doddi litli og Eyrnastór 13:55 Sumardalsmyllan 14:00 Áfram Diego, áfram! 14:24 Svampur Sveinsson 14:49 Tommi og Jenni 14:55 UKI 15:00 Ofurhundurinn Krypto 15:22 Ævintýri Tinna 15:47 Ævintýraferðin 16:00 Lukku-Láki 16:25 Latibær 16:49 Elías 17:00 Könnuðurinn Dóra 17:24 Mörgæsinar frá Madagaskar 17:45 Doddi litli og Eyrnastór 17:55 Sumardalsmyllan 18:00 Áfram Diego, áfram! 18:24 Svampur Sveinsson 18:49 Tommi og Jenni 18:55 UKI 19:00 Stuart Little

GULLSTÖÐIN

17:50 Strákarnir
18:20 Friends
18:45 New Girl
19:10 Mike & Molly
19:35 The Big Bang Theory
19:55 Sjálfstætt fólk
20:25 Eldsnögg með Jóa Fel
20:50 Sisters
21:35 Hostages
22:20 Curb Your Enthusiasm
22:55 Grimm
23:40 Sjálfstætt fólk
00:10 Eldsnögg með Jóa Fel
00:35 Sisters
01:20 Hostages
02:05 Curb Your Enthusiasm
02:35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

12:00 Mom's Night Out
13:40 Do-Deca-Pentathlon
15:00 Jane Eyre
17:00 Mom's Night Out
18:40 Do-Deca-Pentathlon
20:00 Jane Eyre
22:00 The Hangover 3 Gamanmynd frá 2013 með Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms í aðalhlutverkum. Þetta er þriðja myndin um hið óborganlega Úlfagengi. Núna þurfa félagarnir að standa saman þegar einum úr hópnun er rænt.
23:40 World War Z
01:35 This is The End
03:20 The Hangover 3

RÚV

16:10 Sumardagar (1.19)
16:25 Dýragarðurinn okkar (5.6)
17:20 Tréfu Tom (4.13)
17:42 Um hvað snýst þetta allt?
17:47 Loppulúði, hvar ertu? (26.52)
18:00 Skúli skelfir (14.24)
18:11 Verðlaunafé (3.12)
18:15 Táknafréttir
18:25 Fljótlegt og ferskt með Lorraine Pascale (2.6)
19:00 Fréttir
19:25 Íþróttir
19:30 Veðurfréttir
19:35 Með okkar augum (2.6)
20:10 Attenborough Furðudýr í náttúrunni (2.10) (David Attenborough's Natural Curiosities II)
20:35 Ljósmyndari ársins (1.5) (Árets Mesterfotograf) Danskur heimildarþáttur um samtímaljósmyndum. Daglega myndum við líf okkar og birtum á Instagram, Facebook og Snapchat. Gefin eru góð ráð til að bæta ljósmyndatækni og fylgst með fimm ljósmyndurum keppa um titilinn Ljósmyndari ársins.
21:10 Dicte (6.10)
22:00 Tíufréttir
22:15 Veðurfréttir
22:20 Bannað að vera fáviti
23:15 Skyttarnar (3.10) (The Musketiers)
00:10 Fréttir
Endursýndar Tíufréttir.
00:25 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06:00 Pepsi MAX tónlist
08:00 Everybody Loves Raymond
08:22 Dr. Phil
09:04 The Talk
09:45 Pepsi MAX tónlist
13:35 Cheers
14:00 Dr. Phil
14:42 Rules of Engagement
15:03 Psych
15:46 Reign
16:28 Judging Amy
17:10 The Good Wife
17:51 Dr. Phil Bandarískur spjallþáttur með sjónvarpsálfraeðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpsal.
18:34 The Talk
19:12 Kitchen Nightmares Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsey enda með dónalegri mönnum. Það breytir því ekki að hann er einn besti kokkur veraldar og veit hvað þarf til að reka góðan veitingastað. Í þessum þáttum fylgjumst við með snilli hans og vanhæfni veitingahúseigendanna.
19:57 The Office
20:19 Top Chef
21:00 Rookie Blue
21:45 State Of Affairs
22:30 Sex & the City
22:55 Hawaii Five-0
23:40 Parenthood
00:25 Nurse Jackie
00:50 Californication
01:20 Rookie Blue
02:05 State Of Affairs
02:50 Sex & the City
03:15 Pepsi MAX tónlist

HRINGBRAUT

12:00 Helgin 12:30 Kvinnaráð 13:15 Lífsins List 13:45 Grillspaðinn 14:00 Helgin 14:30 Kvinnaráð 15:15 Lífsins List 15:45 Grillspaðinn 16:00 Helgin 16:30 Kvinnaráð 17:15 Lífsins List 17:45 Grillspaðinn 18:00 Helgin 18:30 Kvinnaráð 19:15 Lífsins List 19:45 Grillspaðinn 20:00 Lífsstíll 20:30 Kíkt í skúrinn 21:00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar 22:00 Lífsstíll 22:30 Kíkt í skúrinn 23:00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

SAMSUNG

Til merkis um að góðir hlutir gerast hratt

Heimilistækin frá Samsung eru í fremstu röð og búin allri nýjustu tækni og þægindum eins og sjónvörpin og símarnir. Góðir hlutir gerast hratt hjá Samsung.



RB29FSRDSS

Kælin - frystir

178 cm skápur. 192+98 ltr.

Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

Verð: 99.900,-



RB29FSRDWW

Kælin - frystir

178 cm skápur. 192+98 ltr.

Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

Verð: 89.900,-



RS7567THCSP

"Amerískur" Kæliskápur

Stál útlit. Tvöfalt kæli kerfi.

Vatn og klaki.

Verð: 239.900,-



WW80H7400EW/EE

8 kg Þvottavél

· Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð

· 1400 snúningar

· Ecobubble

· Demantatromla

· Orkunotkun A+++

Verð: 109.900,-



DV70H4400CW/EE

8 kg Þurrkari

· Varmadæla sem sparar orku

· Barkalaus

· Demantatromla

· Rakaskynjari

· Orkunotkun A++

Verð: 134.900,-



WF70F5E4P4W

7 kg Þvottavél

· Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð

· 1400 snúningar

· Ecobubble

· Demantatromla

· Orkunotkun A+++

Verð: 89.900,-



DV70F5E0HGW

7 kg Þurrkari

· Varmadæla sem sparar orku

· Barkalaus

· Demantatromla

· Rakaskynjari

· Orkunotkun A+++

Verð: 124.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------

MÁNUDAGSLAGIÐ



„New Flame með Chris Brown. Það er svo sumarlegt og skemmtilegt. Maður verður einhvern veginn svo skotinn í sumrinu bara.“

Vala Kristín Eiríksdóttir, leikkona og önnur tvíeykisins Þær tvær

Langþráður draumur orðinn að veruleika

Ætlar með mömmu til Dublin þar sem þær munu fagna að markmiði Laufeyjar Heiðu hafi loks verið náð.

„Ég er búin að bíða eftir þessu lengi, og hef ætlað að taka þátt síðan ég var lítil,“ segir Laufey Heiða Reynisdóttir, nýkjörinn rauðhærðasti Íslendingurinn á Írskum dögum sem fram fóru á Akranesi um liðna helgi.

Er um að ræða árlegan viðburð í skemmtanahaldi þessarar bæjarhátíðar.

„Ég titraði af spenningi þegar úrslitin voru lesin upp,“ segir Laufey, en fjölskyldan var saman komin alla leið frá Hólmavík til

að styðja við bakið á henni, auk ættingja úr Reykjavík sem gerðu sér sérstaklega ferð á Skagann til að fylgjast með sinni konu. Ekki er nóg með að Laufey hafi þar með hreppt hnosið sem hún hefur haft augastað á síðan hún var lítið barn, heldur fékk hún utanlandsferð til Dublin á Írlandi í verðlaun. „Við mamma ætlum að fara saman í ferðina, við vorum búnar að ákveða það,“ útskýrir Laufey glöð í bragði, en mamma hennar er einmitt rauð-

hærð líka. „Það eru alveg nokkrir rauðhærðir í báðum ættum hjá mér, en við erum samt ekkert tengd Írlandi,“ segir hún og skellir upp úr.

Segist Laufey ítrekað vera spurð út í hárið, og séu ferðamenn þar alveg sér á báti, en þeir virðast elska á henni hárið. „Svo var þarna einn karl á Hólmavík einu sinni, sem var frá Írlandi, hann var fullviss um að ég væri bara írsk,“ segir hún hressilega í lokin.



ALLT EKTA Laufey hefur aldrei lítað á sér hárið og er stolt af þeim rauðhærðu sem standast freistinguna. MYND/ABSEN

Sumar útsala


MEIRA Á **dorma.is**



JACKPOT U-sófi

Svart, slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.

Fullt verð: 189.900 kr.




149.900 kr.



IBIZA U-sófi

Grábrúnt, slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.

Fullt verð: 249.900 kr.



189.900 kr.



MIAMI

svefnsofi með horntungu

Með rúmfatageymslu í tungu. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Bara vinstri tunga. Stærð: 240 x 225 cm, H: 80 cm.

Fullt verð: 169.900 kr.

149.900 kr.



Þú finnur bæklinginn á **dorma.is**

Holtgöðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn rætast



VILTU PULSU EÐA PYLSU? Mikið úrval af pulsum verður í boði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Viðskiptavinirnir ráða nafni staðarins

Veitingastaðurinn Pulsa eða Pylsa verður opnaður á Hlemmi Square á miðvikudag. Staðurinn býður upp á úrval af pulsum sem Íslendingar hafa aldrei kynnst áður.

Þjóðverjanum Klaus Ortlieb fannst úrvalið af pulsum hér á landi heldur aukunarvert.

Hann ákvað að taka málin í sínar hendur og ætlar að opna pulsuveitingastað á miðvikudaginn sem mun bæði bera nafnið Pulsa og Pylsa.

„Ég veit hvað margir taka rökræðuna um hvort er réttara mikið inn á sig og ég vildi auðvitað ekki móðga neinn svo að ég ætla að leyfa viðskiptavininum að ráða hvað þeir kalla staðinn,“ segir Klaus en hann rekur nokkur hótél í Þýskalandi, New York og einnig Hlemmi Square þar sem veitingastaðurinn verður staðsettur.

Klaus hefur haldið upp á Ísland frá því hann var lítill strákur og alltaf verið vel tengdur við landið.

„Þegar við vorum að ferðast milli Þýskalands og New York þegar ég var ungur millilendum við alltaf á Íslandi í nokkra daga og ég var fljótur að kynna borginni og læra á hana. Síðan þá kem

ég reglulega hingað og hef meðal annars umsjón með rekstrinum á Hlemmi Square. Ég vinn fyrir sjálfan mig og ég fer bara nýjar leiðir í öllu sem ég geri. Ég elska að koma með nýjar hugmyndir en þær eru aldrei hefðbundnar.“

Boðið verður upp á mikið úrval af pulsum sem eru allar handgerðar inni í eldhúsi. Meðal þess sem verður boðið upp á verða pulsur úr lambakjöti.

„Allt hráefnið er ferskt og við notumst mikið við verslanir í nágrenninu. Allt brauðið verður frá Sandholti og það er pulsugerðarmaður í nágrenninu sem er að hjálpa okkur mikið. Ég hef aldrei komið nálægt pulsum áður svo að ég fékk uppskriftir frá öðrum löndum og ráðfærði mig við sérfræðinga og þetta er allt að smella frábærlega saman. Mér finnst gaman að geta opnað stað sem er alveg eftir mínu höfði og minnir mann á gamaldags þýska stofu. Andrúms-

„Ég veit hvað margir taka rökræðuna um hvort er réttara mikið inn á sig og ég vildi auðvitað ekki móðga neinn svo að ég ætla að leyfa viðskiptavininum að ráða hvað þeir kalla staðinn.“

loftið er mjög heimilislegt og kósi og það mun höfða til Íslendinga.“

Pulsurnar sem verða á boðstólum eru ólíkar því sem Íslendingar þekkja. „Maturinn verður á sanngjörnu verði og það fer enginn svangur héðan út. Pulsurnar eru heil máltíð með fullt af meðlæti. Við bjóðum líka upp á forrétti og eftirrétti. Á barnum eru 100 til 120 bjórtegundir í boði og við flytjum inn vnið sjálfir sem ætti ekki að valda neinum vonbrigðum.“

- gj

Sömdu fyrir símfóníu í Leipzig

Tónlistarmaðurinn Örn Eldjárn aðstoðaði Múm við útsetningar á verkunum.

„Ég var í Leipzig með hljómsveitinni Múm þar sem MDR, útvarps-símfóníuhljómsveit Leipzig, undir stjórn Kristjans Jarvi, frumflutti verkið Drowning sem Múm gerði í samstarfi með tónskáldinu og píanóleikaranum Hauschka,“ segir tónlistarmaðurinn Örn Eldjárn.

Hljómsveitin Múm var beðin um að semja verk fyrir MDR, ásamt Hauschka. Örn sá um útsetningar á verkum Múm ásamt Eiríki Orra Ólafssyni.

Örn er þó ekki fastamaður í Múm en var fenginn til þess að aðstoða við útsetningar. „Ég var að aðstoða við að vera eins konar tungumál á milli popps og klassíkur og vera svona nótnagaurinn og sjá til þess að allt væri spilað rétt. Þetta var virkilega gaman,“ segir Örn spurður út í hlutverk sitt.

Verkið var tekið upp á hljóð og mynd og frumflutt á streymissíðunni Boiler Room þar sem áhorfið náði allt að 50.000.

- glp



ÚTSETTI Örn Eldjárn aðstoðaði Múm í Leipzig. MYND/PORSTEINN SURMELI

SÍMAR AUGLÝSINGAEILDIR - AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga Hjördís@365.is, Sigríður Örn Einarsdóttir sigfus@365.is, Svanhildur Ólóf Þorsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

PEUGEOT 308SW

SPARNEYTIÐ LJÓN Á VEGINUM

CO₂ 85g - ELDSNEYTISEYÐSLA 3,2L/100km*



PEUGEOT 308SW

kostar frá kr. **3.595.000**

PEUGEOT 308SW ACTIVE, sjálfskiptur bensín, 130 hestöfl, kostar kr. **4.150.000**



PureTech Prófaðu nýja PureTech bensín túrbó vél og upplifðu gjörbreytta akstureiginleika. 1.2l Turbo, 130 hestafla vélin var nýverið valin Engine of the Year 2015**. Fánleg bæði með beinskíptingu og sjálfskíptingu.



BlueHDi Nýju BlueHDi dísilvélar Peugeot bjóða upp á allt það besta sem er í boði í hágæða, eyðslugrönnum dísilvélum. Með CO₂ útblástur frá 85g, 120 hestöfl og 3,2L/100km meðaleyðslu. Fánleg bæði með beinskíptingu og sjálfskíptingu.

Þó Peugeot 308SW hafi hlotið fjölda verðlauna eins Bíll ársins á Íslandi 2015 og Car of the Year 2014, þá er meira sem telur og sker Peugeot 308SW frá samkeppninni. Ómótstæðilegir akstureiginleikar, vélar sem valdar hafa verið Vélar ársins** 9 ár í röð, eldsneytiseyðsla frá 3,2L/100km og CO₂ útblástur frá 85g/km eru eiginleikar sem einfaldlega erfitt er að keppa við. **Svo er hann fánlegur með 5 ára ábyrgð. Komdu og prófaðu Peugeot 308SW, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akronesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



* Peugeot 308SW er með CO₂ útblástur frá 85g og eldsneytiseyðslu frá 3,2L/100km miðað við blandaðan akstur. ** Engine of the Year Awards

BAKPANKAR

Berglindar
Pétursdóttur



Frí

Hvernig var fríið? spurði ég félagi minn sem kom sér upp kjarnafjölskyldu langt fyrir áldur fram og var nýkominn heim úr pakkaferð frá Spáni. Hann hló tryllingslega áður en hann greip fast í handlegginn á mér og hristi mig duglega.


FRÍIÐ? Meinarðu helvíti á jörð? svaraði hann skjálfandi röddu milli samanbitinna tanna. Hann var rauður í augunum. Getur ekki hafa verið svo slæmt, hugsaði ég stressuð og lagði svo af stað í frí með manni og barni.

ERTU ekki spenntur? spurði ég fjögurra ára son minn á flugvellinum. Mamma, á næsta ári er ég að fara í Lególand með pabba, var svarið við þeirri spurningu. Ókei. Hann er ekki þessi eftirvæntingarfulla týpa, hugsaði ég þá og húraði honum upp í flugvélinu. Af hverju er ekki sjónvarp í þessari flugvél? Af hverju fæ ég ekki barnabox? Hvar er litabókin? Sko. Sonur sæll. Við erum að fljúga með lágjaldaflugfélagi. Sorri með það.

FERÐALAGIÐ snerist um að keyra milli gullfallegra staða og gista á þeim í nokkrar nætur í senn. Vatnsrennibrautagarður, gylltar strendur, hafið bláa hafið, frostpinnar. Allur pakkinn. Komdu í Ólafur Darri í Djúpinu-leik með mér, gargaði ég af gleði áður en ég stakk mér til sunds í Miðjarðarhafinu. Hann nenni því ekki. Reyndar ekki búinn að sjá Djúpið.

EN PEGAR sonur minn sem hefur alist upp í snjógalla sagði ekki nenna út á strönd með mér að njóta lífsins enn eina ferðina, þá varð mér hugsað til félagi míns. Börnum er alveg sama hversu langþráð fríið þitt er. Auðvitað. Stundum vilja þau bara vera inni að spila Angry Birds. 11 daga rökræður við börn eru á engan hátt frí og ég væri alveg til í annað sumarfrí þar sem ég lét skjóta mér upp í himinhvolfið í geimskutlu og sofa þar djúpsvefni í viku eða tvær.

EN YNDISLEGT var það og ég hlakka til að fara aftur. Krefjandi himnaríki á jörð.



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalrestur á töluþláð 12-80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan. - mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

Sumartilboð

ÞESSA VIKU GEFUM VIÐ
ROYAL HEILSUKODDA MEÐ
ÖLLUM KEYPTUM HJONARUMUM*



ROYAL LAYLA PLUSH (153x200 cm)

Fullt verð 174.180 kr.

TILBOÐ 139.344 kr.



ROYAL CORINNA (120x200 cm)

Fullt verð 98.036 kr.

TILBOÐ 78.428 kr.



rekkjan

Allt að 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

*til 12.júlí 2015 Gildir á meðan birgdir endast, frá stærð 153x200 cm og upp